


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið










# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
20. apríl 2012
92. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Gengjastríð í Pressu 3

*Gengi munu berjast í nýrri þáttaröð sjónvarpsþáttanna Pressu, en tökur hefjast á næstunni.*

popp 38

## Danskan víkur

*Flestir íbúar Norðurlanda eru ágætir í ensku, skrifar Pawel Bartoszek.*

skoðun 13



## Grindavík í úrslitin

*Grindavík sló út Stjörnuna í spennuþrungnum leik í Garðabænum í gær.*

sport 34

## veðrið í dag




**NORÐAUSTAN** 3-8 m/s víðast hvar en stífari við SA-ströndina. Bjart einkum V-til en skýjað og dálítil él NA-lands. Hiti 0-10 stig.

VEÐUR 4

# Tugmilljóna dósasvindl á ári

**Líklegt er að móttökustöðvum fyrir dósir og flöskur fækki senn. Margt fólk ýkir fjölda umbúða sem það skilar og drykkjarvörufyrirtæki vanmeta framleiðslu. Breyta þarf lögum til að bregðast við svindli framleiðenda.**

**UMHVERFISMÁL** Neytendur og framleiðendur drykkja í skilaskyldum umbúðum snuða Endurvinnsluna árlega um tugi milljóna króna og hefur svindlið farið vaxandi.

### Tæma 100 milljón dósir og flöskur á ári

Íslendingar tæma um 100 milljón endurvinnanlegar umbúðir á hverju ári. Það þýðir að hver einstaklingur drekkur að meðaltali rétt innan við einn drykk í slíkum umbúðum á hverjum degi, hvort sem það er vatn, gos, bjór eða annars konar drykkur. Skilagjald fyrir hverja dós eða flösku er 14 krónur.

Fyrirtækið áformar nú að tæknivæða móttöku umbúða til að bregðast við svindlinu, og íhugar að segja upp samningi við Sorpu um móttöku umbúða.

Algengt virðist að þeir sem skila inn dósum og flöskum á endurvinnslustöðvar ýki fjölda umbúðanna sem þeir skila, og komist upp með það, segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.

Þá hafa drykkjarframleiðendur orðið uppvísir af því að segjast framleiða mun færri umbúðir en þeir gera í raun og veru, og þurfa þar af leiðandi að greiða mun minna fyrir endurvinnslu umbúðanna en þeir ættu að gera, segir Helgi.

Hann segir stóra framleiðendur á borð við Vífilfell og Ölgerðina þrýsta mjög á að við þessu verði brugðist. Hann segir það skekkja samkeppnisstöðuna ef eitt fyrirtæki borgi skilvíslega 14 krónur á hverja dós eða flösku, en annað borgi mun lægri upphæð.

Endurvinnslan kannar nú hvernig hægt sé að bregðast við svindlinu. Hingað til hefur almenningur getað komið með umbúðir á endurvinnslustöðvar Sorpu, en nú er í skoðun að hætta því samstarfi, segir Helgi.

Hann segir Endurvinnsluna hafa áhuga á því að nýta sér tæknina til að bregðast við stöðunni. Með því að koma upp vélum til að taka á móti umbúðum megi slá tvær flugur í einu höggi, segir Helgi. Í fyrsta lagi geti neytendur ekki svindlað á vélunum. Í öðru lagi lesi vélarnar strikamerki á umbúðunum, og því hægt að halda utan um fjölda umbúða sem stafi frá hverjum framleiðanda.

Þetta myndi hins vegar óhjákvæmilega þýða að tekið verði á móti umbúðum á færri stöðum en nú er gert, segir Helgi. Lítill áhugi er á því að fara sömu leið og í Skandinavíu, þar sem verslanir eru skyldaðar til að taka á móti umbúðum, enda kostnaðurinn við það kerfi gríðarlegur, segir Helgi.

Hann segir að tekin verði ákvörðun um breytingar á móttöku umbúða á næstunni.

Einnig stendur til að breyta lögum sem skylda framleiðendur drykkjarvara til að standa straum af kostnaði við endurvinnslu þeirra, segir Helgi. Hann segir viðurlög við svindli framleiðenda engin, og því þurfi að breyta. - bj




**ZUMBA Í VALSHEIMILINU** Hrafnhildur Ólafsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson stjórnuðu dansfitness-tíma í gamla Valsheimilinu við Hlíðarenda í gær. Þau, ásamt Theodóru S. Sæmundsdóttur, stjórna danstímum þar þrisvar í viku en í tilefni sumardagsins fyrsta var tíminn opinn öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



ALMAR GUÐMUNDSSON



MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Félag atvinnurekenda:

# Segja Árna Pál fara rangt með

**EFNAHAGSMÁL** Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, og formaður félagsins, Margrét Guðmundsdóttir, rengja orð Árna Páls Árnasonar, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, um að þráláta verðbólgu megi meðal annars rekja til hækkunar innflutningsverðlags og þess að innflytjendur safni fé á erlenda reikninga.

Í aðsendri grein í blaðinu í dag vitna þau til rannsókna sem sýna að hvorki hafi innflytjendur og smásalar ekki hækkað verð umfram kostnað og að helstu hækkunarliðirnir séu innlendir.

- shá / sjá síðu 13

Myntsafnarafélagið sýnir þúsundir fágætra og sögulegra gripa næstu þrjá daga:

# Sýna bréfsnifsi með mikla sögu

**SAGA** Víxill sem gamli Íslandsbanki keypti af gjaldþrota síldarspekúlant árið 1920 er meðal gripa sem Myntsafnarafélag Íslands sýnir í Norræna húsinu næstu daga. Víxillinn er talinn vera einn sá hæsti sem banki hefur keypt í Íslandssögunni og framreiknaður er talinn vera 200 til 300 milljónir að núvirði.



390.000 KRÓNUR ÁRIÐ 1919

Á bak við bréfsnifsið býr saga Elíasar Stefánssonar, ómenntaðs pilts frá Eyrarbakka, sem varð einn auðugasti maður landsins á undraskömmum tíma. Elías efnaðist á útgerð og varð ríkur á veiðum og viðskiptum með síld. Það var líka síldin sem felldi Elías en árið 1919 neitaði hann að sætta sig við gangverð á mörkuðum sem annars hefði verulega bætt í pyngju hans. Síldarverðið féll hins vegar árið eftir og Elías varð gjaldþrota.

Það er því athyglisvert að Íslandsbanki keypti víxilinn af útgerðarmanninum, þrátt fyrir almannaróm um að Elías væri fárveikur af krabbameini og gjaldþrota. Ellefu dögum síðar var Elías allur, þá fertugur, ókvæntur og barnlaus.

Á sýningunni má sjá íslenska seðla og mynt, íslenska skömmtunarseðla og „skotgrafalistmuni". Sýningin verður opnuð í dag og stendur yfir helgina. - shá










## SPURNING DAGSINS



*Halldór, mundir þú segja að líklega væri margt ólíkt með ykkur?*

„Margt er líkt með skyldum.“

Tvíburarnir Júlía Sif og Halldór Sörli Ólafsbörn voru fermd á sunnudaginn. Halldór kaus að fermast borgaralega en systir hans Júlía Sif fermdist í kirkju.

Framkvæmdastjóri FÍB segir óeðlilegt að sveitarfélög ákveði legu hringvegarins:

# Þjóðvegur eitt á ábyrgð ríkisins

**VEGAMÁL** „Mér finnst að þjóðvegurinn eigi að vera á ábyrgð ríkisins,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, um aðild sveitarfélaga að ákvörðunum um vegstæði hringvegarins.

Innanríkisráðherra hefur fallist á sjónarmið Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um að hringvegurinn verði ekki styttur á svæðinu. Áform um að stytta hringveginn og beina honum um Svínavatnsleið fólu meðal annars í sér að hringvegurinn færi ekki í gegnum Blönduós og Varmahlíð.

Runólfur segir að ekki megi láta sjónarmið og hagsmuni einstakra sveitarfélaga ráða framtíðarvegstæði hringvegarins. „Þá gætum við séð fram á að núverandi vegstæði þjóðvegar eitt verði fært til þess að koma hringveginum í gegnum Sauðárkrók. Það er eitthvað sem fæstir myndu telja eðlilegt.“



RUNÓLFUR ÓLAFSSON

„Það má ekki týna sér í þröngum byggðarsjónarmiðum þegar verið er að velja hvar hringvegurinn liggur,“ segir Runólfur og bendir á hagkvæmnina sem fylgir styttingu þjóðvegarins. „Sé hringvegurinn styttur verður minni útblástur mengandi efna og minni flutningskostnaður milli landshorna.“ - bþh

Clinton ósátt við Sýrlendinga:

# Krefst hertra refsiaðgerða

**SÝRLAND, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kallaði í gær eftir hertum refsiaðgerðum gegn stjórnvöldum í Sýrlandi, eftir að þau virtu að vettugi vopnahlé og friðaráætlun sem samið var um í síðustu viku.

Lítill áhugi er meðal þjóða heims á hernaðaríhlutun í Sýrlandi og Clinton gekk ekki svo langt að leggja slíkt til. Hún tók sérstaklega fram að Kínverjar og Rússar myndu líklega beita neitunarvaldi gegn hvers kyns refsiaðgerðum í landinu. - sh

Laugardalslaug opnuð í gær:

# Hert upp á róm á Wipeout-tæki

**SKEMMTUN** Laugardalslaug var opnuð aftur eftir að framkvæmdum við hana lauk í gær. Laugargestir tóku eftir því síðdegis að svokallað „wipeout“-leiktæki sem hafði verið auglýst var ekki á sínum stað.



LOGI SIGURFINNSSON

Logi Sigurfinnsson, rekstrarstjóri Laugardalslaugar, segir tækið hafa verið tekið niður af öryggisástæðum. „Það þurfti að herða upp á róm og öðru því notkunin var gríðarleg.“

Logi segir tækið verða tilbúið til notkunar á ný síðdegis í dag.

Sundgestir veittu því jafnframt athygli í gær að laugin var óvenju köld. Logi segir það skýrast af því að laugin hafi verið tæmd og svo fyllt aftur og því ekki um varanlegt ástand að ræða. - bþh

# Meirihlutinn bendir á Sigrúnu og Gunnar

**Hafi Fjármálaeftirlitinu borist blekkjandi tilkynning frá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogs þá var það Gunnari Birgissyni og framkvæmdastjóra sjóðsins að kenna. Þetta fullyrða fjórir af sex sakborningum í greinargerðum sínum.**

**DÓMSMÁL** Bæjarfulltrúinn Gunnar Birgisson og Sigrún Ágústa Bragadóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK), bættu við setningu í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins (FME) þar sem var fullyrt að lánveitingar sjóðsins til Kópavogsbæjar stæðust lög.

Þetta fullyrða fjórir þeirra sex sem nú sæta ákæru fyrir að hafa blekkt FME og segja setninguna ekki hafa verið í upphaflegum drögum að tilkynningunni sem þeir sáu.

Þetta kemur fram í greinargerðum sem allir ákærðu í málinu hafa skilað til Héraðsdóms Reykjaness, utan Sigrúnar Ágústu, sem ekki hyggst skila slíkri greinargerð. Sigrún og Gunnar sæta ákæru eins og áður segir, auk bæjarfulltrúanna Flosa Eiríkssonar og Ómars Stefánssonar, og tveggja fulltrúa starfsmanna bæjarins í stjórn þáverandi sjóðsins, Jóns Júlíussonar og Sigrúnar Guðmundsdóttur.

Sexmenningunum er gefið að sök að hafa ávaxtað fé sjóðsins með ólögmætum hætti, með því að lána Kópavogsbæ 600 milljónir króna um og eftir hrun, og blekkja FME með áðurnefndri tilkynningu.

Allir þeir fimm sem hafa skilað greinargerð neita sök í málinu og rökstyðja þá afstöðu sína á keimlíkan hátt.

Fyrir það fyrsta bera tveir sakborninganna, Gunnar og Ómar, því við að fjárfesting sjóðsins í peningamarkaðsskuldabréfum til Kópavogsbæjar hafi hreinlega verið heimil, þvert á það sem fullyrt er í ákærunni. Þeir benda á að peningamarkaðslán geti talist verðbréf sem ekki séu skráð á skipulegum markaði og að heimilt sé að fjárfesta í slíkum bréfum upp að vissu marki.

Þá segjast fimmmenningarnir ekkert hafa haft með form lánveitingarinnar að gera og að sá frágangur hafi allur verið á hendi framkvæmdastjórans Sigrúnar Ágústu.

Að síðustu krefjast sakborningarnir allir sýknu á þeim grundvelli að málið sé fyrnt. Sök í málum sem þessum fyrnist á tveimur árum en fresturinn rofnar um leið og rannsókn hefst á því hvort viðkomandi hafi brotið af sér.

Allir telja sakborningarnir að rannsóknin hafi í upphafi snúið að öðrum sakarefnum en þeim sem að endingu var ákært fyrir. Því hafi fresturinn ekki rofnað þá. Jafnvel þótt það verði ekki tekið gilt verði ekki fram hjá því litið að meira en tvö ár hafi liðið frá því að rannsókn hófst og þar til ákæra var gefin út í lok síðasta árs.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í næstu viku. stigur@frettabladid.is



GUNNAR BIRGISSON ÓMAR STEFÁNSSON FLOSI EIRÍKSSON

## Segja lánin sjóðsfélögum til hagsbóta

„Rétt er að taka fram að öll þau skammtímalán sem lífeyrissjóðurinn lánaði Kópavogsbæ voru greidd upp áður en rannsókn lögreglu hófst og hlaust því ekkert tjón af þeim ráðstöfunum stjórnenda lífeyrissjóðsins,“ segir í greinargerð Gunnars Birgissonar. „Þvert á móti voru þessar lánveitingar til þess að staða lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs var önnur og betri og annarra samsvarandi sjóða.“

Flosi Eiríksson tekur í sama streng í sinni greinargerð: „Ákærði hagnaðist á engan hátt sjálfur af hinum meintu brotum og má í raun segja að þeir einu sem hafi „notið góðs“ af meintum brotum hafi verið sjóðfélagar LSK,“ segir hann.



**HANDTEKINN** Óeirðalögregla beitir öllum ráðum til að kveða niður mótmælin fyrir kappaksturinn. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmæli magnast í Barein:

# Þurftu að flýja vegna sprengju

**BAREIN, AP** Tveir liðsmenn Formúlu 1-liðs neyddust til að yfirgefa arabíska konungsríkið Barein eftir að hafa setið fastir í umferðaröngþveiti vegna eldsprengju.

Mótmælin þar í landi hafa magnast eftir að ferðamenn og keppnislið í tengslum við Formúlu 1 hafa tekið að streyma til landsins. Ráðgert er að keppa í Barein á sunnudag.

Óöruggir verslunareigendur hafa lokað verslunum sínum á meðan óeirðarlögregla keppist við að kæfa mótmælin í aðdraganda kappakstursins. - bþh

Opinber heimsókn:

# Wen Jiabao til landsins í dag

**UTANRÍKISMÁL** Kínverski forsætisráðherrann Wen Jiabao og föruneyti hans kemur til landsins í dag í tveggja daga opinbera heimsókn.

Í dag fundar Jiabao með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra en forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tekur á móti forsætisráðherranum um kvöldið.

Á morgun hittast Jóhanna og Jiabao á Þingvöllum og fara þaðan að Gullfossi og Geysi. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, mun síðar taka á móti Jiabao í Hellisheiðarvirkjun um miðjan dag.

Kínverski forsætisráðherrann fer af landi brott um kvöldið í opinbera heimsókn til Svíþjóðar, Þýskalands og Póllands. - shá

## SLYS

### Lenti í sjálfheldu í Esjunni

Hollenskur ferðamaður lenti í sjálfheldu í hlíðum Esjunnar í gær. Hann hringdi sjálfur á hjálp en gat ekki staðsett sig í fjallinu. Allar björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út og tóku um 100 björgunarsveitarmenn þátt í leitinni. Maðurinn fannst heill á húfi í gærkvöld.

### Svifdrekakona á sjúkrahús

Kona lenti utan í klettabelti í Núpafjalli, skammt frá Hveragerði, í gær. Hún hafði verið á flugi í svifdreka. Konan var flutt fótbrotin með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús.






Ari Trausti Guðmundsson sjöundi frambjóðandinn til embættis forseta:

# Ari Trausti gefur kost á sér

**FORSETAKOSNINGAR** Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur ætlar að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands. Ari Trausti greindi frá ákvörðun sinni á blaðamannafundi á heimili sínu í gær, en rúm vika er síðan Ari Trausti boðaði til fundarins. Hann er Íslendingum að góðu kunnur fyrir störf á fræðasviði sínu en hann sagði jafnframt veðurfréttir á Stöð 2 um árabil. Ari Trausti kynnti fjölskyldu sína á framboðsfundinum, eiginkonu, börn, tengdabörn og barnabörn, sem hann sagði að skipti höfuðmáli í framboðinu.

„Í fyrsta lagi þá langar mig til að gegna þessu embætti,“ sagði Ari Trausti um ástæður þess að hann býður sig fram. „Það er ekkert flóknara en það og ég held að ég geti gert samfélaginu gagn og beint samfélaginu eitthvað á réttari brautir með gerðum mínum.“

Ari Trausti sagðist hafa jarðbundna þekkingu og langa reynslu á mörgum sviðum. „Ég hef ferðast víða um heiminn og tala fimm tungumál,“ bætti hann við.

Hann sagði að fjölskyldan, vinir, aðrir vandamenn og kunningjar stæðu að baki framboðinu. Framboðið væri fullkomlega óháð stjórnmálasamtökum eða öðrum samtökum. „Þetta er grasrótin sjálf,“ sagði Ari Trausti. - jhh, jmg



**FJÖLSKYLDAN SKIPTIR HÖFUÐMÁLI** Ari Trausti og eiginkona hans, María G. Baldvinsdóttir, buðu til fundar á heimili sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**SUMARSÆNGUR**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum.
Tilvaldar í sumarbústaðinn.
Stærð: 135 x 200 sm.

**FRÁBÆRT VERÐ**

**1.995**



**MYRKVUNARGARDÍNA**

**30%**

**ST. 60 X 170 SM. FULLT VERÐ: 2.495**

**1.745**

**CIRCLE MYRKVUNARGARDÍNUR**
Flottar, munstraðar myrkvunargardínur fáanlegar í kremuðum og gráum lit.
Stærðir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 60 x 170 sm. Fullt verð | 2.495 | nú 1.745 | 80 x 170 sm. Fullt verð | 2.995 | nú 2.095 |
| 90 x 210 sm. Fullt verð | 3.495 | nú 2.445 | 100 x 170 sm. Fullt verð | 3.495 | nú 2.445 |
| 120 x 170 sm. Fullt verð | 3.995 | nú 2.795 | 140 x 170 sm. Fullt verð | 4.495 | nú 3.145 |
| 180 x 170 sm. Fullt verð | 5.995 | nú 4.195 | | | |

## FRÁBÆR VERÐ



**30%**

**ÖLL GERVIBLÓM Á 30% AFSLÆTTI**

**GERVIBLÓM**
Mikið úrval af fallegum gerviblómum á frábæru verði. Komdu og gerðu góð kaup!



**SPARIÐ 1.100**

**FULLT VERÐ: 5.995**

**4.895**

**HLAUPAHJÓL**
Hlaupahjól á frábæru verði!
Með góðum dekkjum, hægt að leggja saman.

**SÓFASETT 3 + 2**



**FULLT VERÐ: 149.950**

**69.950**

**SPARIÐ 80.000**

**VEJLE SÓFASETT 3+2**
Flott, svart sófasett með PU áklæði. Nú á frábæru tilboði!

## GENGIÐ 18.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,03 | 127,63 |
| Sterlingspund | 203,07 | 204,05 |
| Evra | 166,04 | 166,96 |
| Dönsk króna | 22,316 | 22,446 |
| Norsk króna | 22,028 | 22,158 |
| Sænsk króna | 18,758 | 18,868 |
| Japanskt jen | 1,5580 | 1,5672 |
| SDR | 195,39 | 196,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,8708

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mæðrastyrksnefnd efnir til átaks til að efla nýjan menntunarsjóð fyrir konur:

# Styrkja tekjulágar konur til mennta

**SAMFÉLAGSMÁL** Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur hefur stofnað Menntunarsjóð til að styrkja tekjulágar konur til menntunar. Stofnfé og höfuðstóll sjóðsins eru 5 milljónir króna og byggist á gjöf Elínar Storr til Mæðrastyrksnefndar.

Í tilkynningu kemur fram að samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins megi verja vöxtum af höfuðstólnum, ásamt fé sem safnast í sjóðinn, til að styrkja konurnar en í starfi nefndarinnar hefur greinilega komið fram að fjöldi kvenna, sem lítið hafa á milli handanna, gætu átt kost á betri lífskjörum með stuðningi til að afla sér meiri menntunar.

Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar ætlar að efna til sérstaks átaks til að afla sjóðnum tekna með sölu Mæðrablóms, en gert er ráð fyrir að slíkt átak verði haldið árlega í tengslum við mæðradaginn; annan sunnudag í maí.

Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður, hefur hannað rautt Mæðrablóm sem selt verður á völdum stöðum í tilefni mæðradagsins. Hönnunin er gjöf Steinunnar til sjóðsins.

Stjórn sjóðsins mun leita til fyrirtækja um að gerast bakhjarlar sjóðsins og Blómaval, í samstarfi við blómabændur, hefur þegar samþykkt að styðja sjóðinn.

Stofnuð hefur verið Facebook-síðan Mæðrablómið þar sem nánari upplýsingar eru að finna. **- shá**



**MÆÐRABLÓMIÐ** Steinunn Sigurðardóttir hannaði blómið og er vinnan gjöf Steinunnar til Mæðrastyrksnefndar. MYND/MÆÐRASTYRKSNEFND



**ÍSFISKUR** Allar tölur hækka á milli ára.

Mikil hækkun milli ára:

## Aflaverðmætið 40% hærra nú

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 12,6 milljörðum króna í janúar 2012 samanborið við níu milljarða í janúar 2011. Aflaverðmæti hefur því aukist um 3,6 milljarða eða 40% á milli ára.**

**Aflaverðmæti botnfisks var 7,4 milljarðar og jókst um 32,5% frá janúar í fyrra þegar aflaverðmætið nam 5,6 milljörðum.**

**Verðmæti uppsjávarafla nam um 4,5 milljörðum króna í janúar 2012, sem er um 48,7% aukning frá fyrra ári. Sú aukning skýrist af loðnuafla að verðmæti 4,4 milljarðar króna samanborið við 2,5 milljarða í janúar 2011.** **- shá**

Áburðarhneykslið:

## Áburður stóðst nú allar kröfur

**LANDBÚNAÐUR** Matvælastofnun tók sýni af níu áburðartegundum sem Skeljungur hefur flutt til landsins og reyndist kadmíum í áburðinum vel neðan við leyfilegt hámark.

Eins og kunnugt er reyndist áburður sem Skeljungur hf. flutti inn á síðasta ári innihalda meira af þungmálminum kadmíum en heimilt er samkvæmt íslenskum reglum. Fyrirtækinu var því bannað að dreifa áburði á þessu ári fyrr en Matvælastofnun hefði tekið sýni af honum og látið efnagreina og að niðurstöðurnar sýndu að áburðurinn stæðist kröfur. **- shá**

# Segist hafa ætlað að afhöfða Brundtland

**Réttarhöldin yfir norska fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik héldu áfram í gær. Fram kom að Breivik ætlaði að afhöfða fyrrum forsætisráðherra Noregs. Hann taldi lífslíkur allra á Útey 5 prósent eftir að hann hóf skothríðina.**

**NOREGUR, AP** Norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik sagðist í vitnastúku í gær hafa ætlað að afhöfða Gro Harlem Brudtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs og leiðtoga norska verkamannaflokksins. Hann sagðist einnig hafa ætlað að myrða alla á Útey þann 22. júlí síðastliðið sumar.

Gro Harlem Brundtland var farin af eyjunni þegar Breivik hóf þar skothríð sína en Breivik sagði við vitnaleiðslur hafa ætlað að afhöfða Brundtland. Hann hafi verið hrifinn af leiðum al-Kaída við afhöfðanir. „Afhöfðun er hefðbundin evrópsk dauðarefsing,“ sagði hann. „Afhöfðuninni var ætlað að vera mikilvægt sálfræðilegt vopn.“

Brundtland var forsætisráðherra Noregs á níunda og tíunda áratug síðustu aldar og gengdi stöðu forstjóra Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar árin 1998 til 2003. Breivik segist hafa viljað taka það upp á myndband þegar hann kæmi aftan að henni á Úteyju og afhöfðaði. Myndbandinu hafi hann svo ætlað að hlaða á internetið.

Anders Breivik sýndi engin merki um iðrun og sagði fórnarlömb sín hafa verið „svikara“. „Markmiðið var ekki að myrða 69 á Útey. Markmiðið var að myrða alla,“ sagði hann. „Ég taldi lífslíkur allra á eyjunni 5 prósent.“

Þá sagði hann réttinum frá því að hafa ætlað að sprengja þrjár sprengjur í Ósló, þar á meðal eina í konungshöllinni. Meðlimir konungsfjölskyldunnar áttu hins vegar ekki að verða fyrir henni enda væru þjóðernissinnar, eins og hann, stuðningsmenn erfðaveldisins. Sprengjan hafi hins vegar á endanum aðeins verið ein því það hafi komið honum á óvart hversu erfitt væri að búa til sprengju.

Breivik einangraði sig í heilt ár til þess að undirbúa ódæðin í Noregi í fyrra. Hann segist hafa spilað tölvuleiki í sextán klukkustundir á dag til að drepa tímann.

„Það var bara til skemmtunar og hefur ekkert með 22. júlí að gera.“

Búist er við að réttarhöldin taki að minnsta kosti tíu vikur og er meginverkefni réttarins að skera úr um sakhæfi Breiviks. Verði hann talinn sakhæfur bíður hans að öllum líkindum fangelsisvist til æviloka. Ef ekki verður hann vistaður á réttargeðdeild svo lengi sem hann er talinn sjúkur.

**birgirh@frettabladid.is**



**Í VITNASTÚKU** Breivik heilsaði ekki að nasista-stíl þegar hann gekk í dómsalinn í gær. Verjandi hans, Geir Lippestad, fylgdist með framburði hans. NORDICPHOTOS/AFP

Þrýst á stækkunarstjóra ESB:

## Vilja stöðva aðildarviðræður

**UTANRÍKISMÁL** Fulltrúar úr sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins gengu í gær á fund stækkunarstjóra ESB, Stefan Füle, og hvöttu hann til að blása aðildarviðræðurnar við Ísland af. Ástæðan er makríldeilan þar sem ESB og Noregur krefjast þess að Íslendingar og Færeyingar dragi úr veiðum sínum.



**STEFAN FÜLE**

Þessi frétt var birt á vefsíðunni fishnews.eu en haft er eftir fulltrúum nefndarinnar eftir fundinn að Füle þekkti til deilunnar og að hann vildi leita lausnar á henni. **- shá**

Óvænt tíðindi utan úr geimi:

## Enn á huldu með hulduefnið

**VÍSINDI Ráðgátan um hulduefni í alheiminum varð enn dularfyllri í fyrradag eftir að ný rannsókn stjörnufræðinga í Síle gekk í berhögg við fyrri kenningar um eðli efnisins.**

**Á vef ESO, stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli, segir að við rannsóknina hafi engar vísbendingar fundist um hulduefni á stóru svæði umhverfis sólina, í nákvæmustu rannsókn sem gerð hefur verið hingað til af hreyfingum stjarna í vetrarbrautinni.**

**Hulduefni er ósýnilegt efni sem er einungis hægt að greina vegna þyngdaráhrifa þess. Vísindamenn höfðu búist við því að finna skýr merki um efnið í rannsókninni en svo fór ekki og nýrra lausna er því þörf.** **- þj**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Lítur út fyrir ljómandi gott veður í dag og um helgina. Yfirleitt hægur vindur af norðaustri eða austri í björtu og þurru veðri. Skýjað með köflum á morgun og hlýnar er líður á helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 13° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 20° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 10° |
| París | 13° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

KJÚKLINGA BRINGUR 2.283 kr/kg
Verð áður 2.854,-

## KASJÚHNETUKJÚKLINGUR

*fyrir 4 að hætti Rikku*

700 g kjúklingabringur, skornar í bita
1 msk kartöflumjöl
salt og nýmalaður pipar
1 msk smjör
1 msk olía
2 hvítlauksrif, pressuð
1 cm engiferkubbur, saxaður
8 vorlaukar, hvíti hlutinn skorinn frá þeim græna og sneiddur
2 msk hrísgrjónaedik
4 msk hoisin sósa
60 ml vatn
100 g kasjúhnetur

Veltið kjúklingabitunum upp úr kartöflumjölinu ásamt salti og pipar. Steikið kjúklinginn í gegn upp úr olíunni og smjörinu á meðalheitri pönnu. Bætið hvítlauk, engifer og hvíta hlutanum af vorlauknum saman við og steikið áfram í 2-3 mínútur. Hellið hrísgrjónaedikinu saman við og látið það sjóða upp. Bætið þá hoisin sósu og vatni saman við. Þurrristið kasjúhneturnar og bætið þeim á pönnuna rétt áður en rétturinn er borinn fram. Sneiðið græna hlutann af vorlauknum og stráið yfir kjúklinginn. Gott er að bera réttinn fram með hrísgrjónum.

UPPSKRIFT




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ 749 kr/kg
Verð áður 998,-

**Heill kjúklingur**
ferskur



TILBOÐ 3.799 kr/kg
Verð áður 4.298,-

**Andabringur**
Valette




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 2.159 kr/kg
Verð áður 2.698,-

**Nautavöðvi**
Kryddleginn




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 744 kr/pk
Verð áður 929,-

**Hamborgarar**
4 stk með brauði

HAGKAUP
EPLAGRÍS



## NÝTT Á ÍSLANDI!

Snitsel, hnakkasneiðar, hakk, gúllas og kótilettur af eplagrís.



NÝBAKAÐ
TILBOÐ
HEILKORNABRAUÐ 299 kr/stk.
Verð áður 449.-




KJÚKLINGA-VÆNGIR 2 TEG. 449 kr/pk.

*ekta gráðostasósa - góð með vængjunum!*






FERSKT FLUGI
TILBOÐ
JARÐARBER 500GR 599 kr/pk.
Verð áður 799.-



TILBOÐ
JÓA FEL FERSKT PIZZADEIG 299 kr/pk.
Verð áður 379.-

NÝTT
KRISTALL PLÚS 1,5L FLÖSKUR






TILBOÐ
ZONE PERFECT STANGIR 229 kr/stk.
Verð áður 289.-




PÅGEN KANILSNÚÐAR 399 kr/pk.



TILBOÐ
AMERÍSKIR KLEINUHRINGIR 99 kr/stk.
Verð áður 199.-



TILBOÐ
LÍFRÆNN APPELSÍNU & GULRÓTA SAFI 20% afsláttur v/kassa

2012 GRÆNN APRÍL

Gildir til 22. apríl á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fylgjast með dómsuppkvaðningu í Landsdómi í beinni útsendingu á mánudag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34,0% |
| NEI | 66,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með fréttaflutningi af réttarhöldunum yfir fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Samningur Sameinuðu þjóðanna og ESB um valdeflingu kvenna og jafnrétti:

# Skiptir sköpum fyrir milljónir kvenna

**JAFNRÉTTI** Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið (ESB) hafa ákveðið að taka höndum saman við valdeflingu kvenna og jafnrétti kynjanna um víða veröld. Samningur þar að lútandi var undirritaður í Brussel fyrr í vikunni.

Í tilkynningu frá SÞ segir að samvinnan muni fyrst og fremst beinast að því að „auka hlut kvenna í ákvarðanatöku á sviði efnahagsmála, stjórnmála og dómsmála um allan heim auk bætts aðgangs kvenna að vinnu og félagslegum úrræðum“. Þá segir að ekki vegi síður þungt að samtökin taki höndum saman í baráttunni gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.



**TÍMAMÓTASAMNINGUR** Sameinuðu þjóðirnar og ESB hafa heitið því að efla jafnrétti kynjanna og stöðu kvenna um allan heim. MYND/SÞ

Samninginn undirrituðu Catherine Ashdown, utanríkismálastjóri ESB, og Andris Piebalgs, sem fer með þróunarmál í framkvæmdastjórninni og hins vegar Michelle Bachelet, forstjóri UN Women, fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna.

Bachelet sagði eftir undirritunina að full þátttaka kvenna í samfélaginu efli lýðræði og frið. „Samningurinn mun efla samvinnu um stefnumörkun sem getur skipt sköpum fyrir líf milljóna kvenna og stúlkna um allan heim.“ - þj

Færður til Vestmannaeyja:

# Virti ei fæðingarorlof þorsks

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, stóð í gærmorgun færeyskan línubát að meintum ólöglegum veiðum innan svæðis suður af Vestmannaeyjum þar sem í gildi er svokallað hrygningarstopp. Var skipstjóra gert að ljúka við að draga línuna og halda síðan til hafnar í Vestmannaeyjum þar sem skýrslutaka fer fram.

Um er að ræða reglur sem gilda um árlega stöðvun veiða á grunnslóð vegna hrygningartímans, eða svokallað „fæðingarorlof“ þorsks og skarkola. - shá






# Vill reglur um aðgang allra að landsleikjum

**Þingmaðurinn Lúðvík Geirsson vill að menntamálaráðherra nýti lagaheimild til að skylda fjölmiðla til að sýna landsleiki í opinni dagskrá. Forstjóri 365 miðla telur algjörlega fráleitt að fara þá leið með ríkisfjölmiðil á auglýsingamarkaði.**

**MENNINGARMÁL** „Mér finnst eins og mörgum öðrum að það sé alls óviðunandi þegar stórviðburðir eiga sér stað og eru í beinum útsendinum, hvort sem það er menning, listir eða íþróttaviðburðir, þá skuli sú staða koma upp ítrekað að það er boðið upp á þetta í læstri dagskrá,“ segir alþingismaðurinn Lúðvík Geirsson, sem hefur innt Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra eftir því með skriflegri fyrirspurn á þingi hvort til standi að koma í veg fyrir þetta hvað íþróttirnar varðar.

Fyrirspurn Lúðvíks, sem lögð var fram í vikunni, snýr að landsleikjum í íþróttum. Hann spyr Katrínu um skoðun hennar á því að landsleikir í vinsælum íþróttagreinum séu stundum í læstri dagskrá og hvort bregðast megi við.

„Víða erlendis er tryggt í lögum að slíkir viðburðir skuli vera opnir. Í fjölmiðlalögunum sem voru samþykkt fyrir ári síðan er í 48. grein heimild fyrir ráðherra að setja reglugerð og tilgreina sérstaklega þá viðburði sem eigi að vera í opinni dagskrá,“ segir Lúðvík.

„Ég finn að það eru mjög sterk viðbrögð. Fólk hefur auðvitað sterkar skoðanir á þessu,“ segir hann. Hann nefnir að Stöð 2 hafi keypt sýningarrétt að mótum þar sem Íslendingar eru þátttakendur og sýnt leikina í lokaðri dagskrá.

„Það er eitt að geta sótt sér tekjur í kostun og auglýsingasölu við svona vinsæla viðburði, annað er að hafa dagskrána lokaða og það geti enginn horft nema hann kaupi sér sérstaka áskrift,“ segir Lúðvík.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla,



**LOKAÐ** Stöð 2 sport sýndi frá heimsmeistaramótinu í handknattleik í fyrra, þar sem Ísland var þátttakandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÚÐVÍK GEIRSSON**



**ARI EDWALD**

segir að hugmyndir sem þessar slái hann mjög illa. „Ég teldi algjörlega fráleitt af menntamálaráðherra að beita þessari lagaheimild við þær aðstæður sem hér eru á sjónvarpsmarkaði,“ segir hann.

Ari bendir á að hér sé ríkisfjölmiðill á auglýsingamarkaði, sem sé ólíkt því sem tíðkist í nágrannalöndum okkar. Það séu því ósannindi og blekkingar sem haldið hafi verið fram af fulltrúum menntamálaráðuneytisins að með slíkri reglusetningu hér yrði ástandið fært í sama horf og þar. Á íslenska markaðnum mundu reglur sem þessar hreinlega útiloka einkafyrirtæki frá því að sýna frá viðburðum af þessu tagi.

„Mér finnst þessi fyrirspurn og þau viðhorf sem Lúðvík Geirsson hefur verið að setja fram afskaplega kaldar kveðjur frá fyrrverandi formanni blaðamannafélagsins til stærsta vinnustaðar virkra félagsmanna í því félagi, því að þetta væri auðvitað mikil atlaga að okkar fyrirtæki,“ bætir Ari við.

stigur@frettabladid.is


Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði

Humarsoð frá Hornarfirði

Humar 2000 kr.kg
Óbrotinn fyrsta flokks humar

Ferskur Túnfiskur
Alla föstudaga og laugardaga

Glæný Bláskel
frá Stykkishólmi

Fiskibollur
að dönskum hætti
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Umhverfisráðherra bregst við niðurstöðum rannsókna um ástand fuglastofna:

# Svartfuglar veiddir 15 dögum skemur

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðherra hefur breytt reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum á þann veg að stytta veiðitíma fimm tegunda svartfugla nú í vor. Veiðar á álku, langvíu, lunda, stuttnefju og teistu verða heimilar til 25. apríl í stað 10. maí nú í vor. Með styttingu veiðitímans er vonast til að dragi úr afföllum og álagi á stofna svartfugla á þeim tíma sem þeir nálgast land og fara að setjast upp í varpstöðvum.

Vegna upplýsinga um bágt ástand svartfuglastofna við Ísland óskaði umhverfisráðherra eftir tillögum starfshóps um viðbrögð. Meirihluti hópsins lagði til að sett yrði fimm ára bann við veiðum á fimm tegundum svartfugla vegna fækkunar í stofnum þeirra og viðkomubrests á stórum hluta landsins. Minnihlutinn vildi ganga skemur varðandi aðgerðir til að draga úr veiðiálagi á svartfugla og hyggst ráðherra afla frekari ráðgjafar áður en ákvörðun er tekin um mögulegar frekari aðgerðir.

Ákveðið hefur verið að bæta vöktun allra svartfuglastofna á komandi árum og hefur umhverfisráðuneytinu nú nýlega fengið tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands þar að lútandi. Starfshópurinn lagði loks til að ákvæðum um hlunnindaveiðar utan hefðbundins veiðitíma yrði breytt. Frumvarp þess efnis liggur nú fyrir Alþingi. - shá



**STUTTNEFJA** Veiðar á álku, langvíu, lunda, stuttnefju og teistu eru aðeins heimilar til 25. apríl. MYND/FUGLAVERND


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

# LAGERSALA

Betri lausnir í 20 ár 1992-2012

**21. til 28. apríl – Köllunarklettsvegi 2**




## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR Á HÁGÆÐA VÖRUM

Lagersala Nýherja fer fram dagana **21. til 28. apríl**, að **Köllunarklettsvegi 2**. Allt að **70% afsláttur** á nýjum og notuðum búnaði frá **Canon**, **Sony**, **Bose**, **Lenovo** og fleiri heimsþekktum framleiðendum. Einnig er hægt að festa kaup á **notuðum húsgögnum**, **sýnishornum** og **B-vöru** á hagstæðu verði. Athugið að takmarkað magn er í boði.

**Opið virka daga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11-16.**

NÝHERJI

**FRÉTTASKÝRING:** Forsetakosningar í Frakklandi

# Sigurlíkur Sarkozys vart miklar

**Næsta sunnudag kjósa Frakkar sér forseta. Úrslitin ráðast þó varla fyrr en í seinni umferð kosninganna, sem halda þarf hálfum mánuði síðar fái enginn einn frambjóðandi meirihluta. Vinstri menn eru spenntir því frambjóðandi Sósíalista virðist eiga sigur vísan.**

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti virðist ekki geta gert sér miklar vonir um að fá að gegna því embætti mikið lengur. Ef marka má skoðanakannanir mun Francois Hollande vinna nokkuð auðveldan sigur í seinni umferð kosninganna, sem haldin verður sunnudaginn 6. maí.

Sarkozy hefur verið forseti í eitt kjörtímabil en líður fyrir það að hafa þurft að standa í langdreginni glímu við skuldavanda evruríkjanna, þar sem hann hefur staðið í fararbroddi umdeildra aðgerða ásamt Angelu Merkel Þýskalandskanslara.

### Skoðanakannanir

Þeir Sarkozy og Hollande hafa báðir verið að fá innan við þrjátíu prósent í skoðanakönnunum undanfarnar vikur. Þeir eiga því góðar vonir um að verða í tveimur efstu sætunum í fyrri umferð kosninganna, sem haldin verður nú á sunnudaginn kemur.

Um þriðja sætið keppa þau Jean-Luc Mélenchon, sem er miklu róttækari vinstrimaður en Hollande, og Marine Le Pen, sem er þjóðernissinni yst af hægri kantinum. Þeim er hvoru um sig spáð um það bil 15 prósentum atkvæða.

Miðjumaðurinn Francois Bayrou virðist síðan ætla að fá um það bil 10 prósent atkvæða og franskir fjölmiðlar eru farnir að velta því fyrir sér hvort úrslit seinni umferðar kosninganna geti ráðist af því hvort hann lýsi yfir stuðningi við Sarkozy eða Hollande.

### Spéfuglinn og skaphundurinn

Lengi framan af kosningabaráttunni virtist það há Hollande verulega hve stutt er í kímnigáfuna hjá honum. Hann virtist varla geta opnað munninn án þess að segja brandara. Að sama skapi virtust kjósendur eiga erfitt með að taka hann alvarlega.

Við upphaf eiginlegrar kosningabaráttu lofaði hann því að draga úr brandaraflóðinu, en hefur ekki getað staðið almennilega við það.

Sarkozy aftur á móti er þekktur fyrir reiðiköst, sem hann fær í tíma og ótíma, og það virðist ekki hafa hjálpað honum í kosningabaráttunni.

Ekki virðist heldur hafa hjálpað honum vandræðaleg uppákoma þegar hann leyfði upptökur af myndsímafundi sínum með Barack Obama Bandaríkjaforseta nýverið, þar sem Sarkozy sást segja skælbrosandi: „Við munum vinna sigur, þú og ég," en forsetakosningar verða einnig í Bandaríkjunum síðar á árinu.

### Hræðsla við útlendinga

Sarkozy hefur hins vegar á síðustu vikum óspart spilað út trompi, sem hann vonast greinilega til að gangi vel í kjósendur: Hann ætlar að fara í hart gegn ólöglegum innflytjendum og reyndar útlendingum almennt, sem hann segir að séu orðnir alltof margir í Frakklandi.

Hann ætlar að herða reglur um innflytjendur og herða löggæslu, en allt virðist koma fyrir ekki. Kjósendur stefna ótrauðir á Hollande, sem fyrir sitt leyti ætlar að standa gegn erlendum áhrifum með því að taka ekki þátt í hinu nýja fjármálabandalagi evruríkjanna.

### Efnahagserfiðleikar fram undan

Stærsta vandamálið, sem Frakklandsforseti þarf að glíma við næstu misserin, hver svo sem hreppir forsetaembættið næsta kjörtímabil, eru hins vegar þeir efnahagserfiðleikar sem virðast óumflýjanlegir vegna skuldakreppu evruríkjanna.

Hollande er vinstri maður og segist harðákveðinn í að takast á við þennan vanda með því að auka ríkisútgjöldin og leggja ofurskatt á auðkýfinga.

Sarkozy ætlar hins vegar að ná sér í skatttekjur með því að ráðast gegn stórfyrirtækjum sem hafa komið sér í skattaskjól utan Frakklands.

Hvorugur virðist þó hafa boðið upp á sannfærandi lausnir í þeim efnum og satt að segja kvarta margir undan því að báða skorti skýra sýn á það sem þeir ætla að gera næsta kjörtímabil.



**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



**FRANCOIS HOLLANDE** Frambjóðandi Sósíalistaflokksins virðist orðinn býsna öruggur með sigur, þótt skoðanakannanir geti stundum brugðist.



**NICOLAS SARKOZY** Leiðtogi hægri manna hefur þurft að verja æ stærri hluta af tíma sínum í glímuna við skuldakreppu evruríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

## Hinir frambjóðendurnir

- **Jean-Luc Mélenchon**, frambjóðandi Vinstrifylkingarinnar, kosningabandalags Kommúnistaflokksins, Vinstriflokksins og Bandalags vinstri manna. Hann er marxisti, segir Evrópusambandið orðið til trafala og vonast til að almenningur í Frakklandi geri borgarabyltingu. Honum er spáð um það bil 15 prósentum atkvæða og gerir sér vonir um að lenda í þriðja sæti, næst á eftir Hollande og Sarkozy.
- **Marine Le Pen** er þjóðernissinni yst af hægri kantinum. Hún er frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, flokks sem stofnaður var fyrir fjórum áratugum af föður hennar, Jean-Marie Le Pen. Henni er eins og Mélenchon spáð um það bil 15 prósentum atkvæða og gerir sér líka vonir um að lenda í þriðja sæti.
- **Francois Bayrou** er frjálslyndur miðjumaður, leiðtogi Lýðræðishreyfingarinnar og eindreginn stuðningsmaður Evrópusambandsins. Honum er spáð um það bil 10 prósentum atkvæða.
- **Eva Jolie**, frambjóðandi Græningja, virðist ætla að ná sér í tvö til þrjú prósent atkvæða ef marka má skoðanakannanir. Hún situr á Evrópuþinginu fyrir Græningja, en er fyrrverandi rannsóknardómari í Frakklandi og veitti Íslendingum aðstoð við rannsóknir á efnahagsbrotum í tengslum við hrunið.
- **Nicolas Dupont-Aignan** er borgarstjóri og þingmaður, segist vera Gaullisti og fullveldissinni og vill að Frakkland yfirgefi evrusvæðið og annað alþjóðasamstarf sem dregur úr vægi landamæra Frakklands. Honum er spáð sáralitlu fylgi.
- **Philippe Poutou** er frambjóðandi Nýja antikapítalistaflokksins, sem stofnaður var árið 2009 til að berjast gegn auðvaldsskipulaginu. Honum er spáð sáralitlu fylgi.
- **Nathalie Arthaud** er frambjóðandi Verkalýðsbaráttunnar, flokks franskra trotskýista. Henni er spáð sáralitlu fylgi.
- **Jacques Cheminade** er frambjóðandi flokks sem heitir Samstaða og framfarir, hreyfingar sem starfar í mörgum löndum og vill koma á nýrri efnahagsskipan í heiminum þar sem svonefnd „þriðja heims ríki" fái meira vægi. Honum er spáð sáralitlu fylgi.

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




Tilboðin gilda **18. - 22. APRÍL** eða meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# nettó KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**STUND MILLI STRÍÐA** Jemensk kona málar á steinvegg í Sanaa, þar sem hádegisbænastundir eru yfirleitt haldnar á föstudögum. NORDICPHOTOS/AFP

Bylting við beinaskurð í fiskvinnslu með nýrri tækni frá hátæknifyrirtækinu Völku:

# Ný vél stórbætir nýtingu á fiski

**SJÁVARÚTVEGUR** Prófanir á nýrri beinaskurðarvél frá fyrirtækinu Völku sýna mjög bætta nýtingu frá handskurði karfaflaka. Ríflega 94% þeirra flaka sem fóru í gegnum nýju vélina voru með öllu beinlaus.

Niðurstöður í formlegum prófunum á afköstum og nýtingu beinaskurðarvélarinnar eru taldar gefa vísbendingu um möguleika á stóraukinni nýtingu og afköstum við snyrtingu karfaflaka og jafnvel í öðrum tegundum hvítfisks eins og þorski, ýsu og ufsa.

Vélin notar röntgen- og þrívíddarmyndavélar til að staðsetja bein í flökum og sker beinagarðinn úr með vatnsskurði. Prófunarniðurstöðurnar benda til þess að nýtingartap í afskurði verði um helmingi minna en með handskurði auk þess sem starfsmenn við línuna verða þrír til fjórir í stað tíu til tólf sem þyrfti til að ná svipuðum afköstum í handskurði. Verðmæti beinlausra afurða er umtalsvert meiri og því ljóst að hagkvæmni í vinnslu eykst mikið með notkun vélarinnar.

Valka ehf. hefur í nokkurn tíma unnið að þróun á vélinni. Þróunarverkefnið var styrkt af AVS rannsóknarsjóði og unnið í samvinnu við HB Granda, Samherja og Nýfisk. Fyrsta vélin fer í vinnslulínu HB Granda hf. sem mun nota hana við beinaskurð á karfaflökum. - shá



**KARFAFLÖK BEINSKORIN** Bein í flökum eru staðsett með röntgen- og þrívíddarmyndavélum. MYND/VALKA

Óskað eftir umsögnum:

# Hjálpi blindum að nota vefinn

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið óskar eftir umsögnum vegna tillögu um að ný viðmið taki gildi til að tryggja aukið aðgengi að opinberum vefjum. Er þetta gert meðal annars með blinda og sjónskerta í huga til að auðvelda þeim aðgang að íslenskum heimasíðum sem og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við notkun netsins. Innleiðingu viðmiðanna á að ljúka fyrir 2017.

Fram kemur á vef Stjórnarráðsins að ráðuneytið leiti einnig eftir umsögnum við drög að uppfærðri handbók um opinbera vefi. - sv



**KRÆKLINGUR** Gögn voru ekki skráð og Nesskel fékk því áminningu að ástæðulausu. NORDICPHOTOS/GETTY

Mistök Umhverfisstofnunar:

# Áminntu Nesskel án ástæðu

**UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun hefur afturkallað áminningu sem var veitt Nesskel vegna tveggja frávika frá starfsleyfi fyrirtækisins. Áminningin var veitt þann 2. apríl á þeim forsendum að fyrirtækið hefði ekki sent stofnuninni staðfestingu eða áætlun um um úrbætur vegna frávikanna.**

**Kom í ljós að umrædd gögn voru send Umhverfisstofnun í tíma en voru ekki höfð til hliðsjónar við vinnslu málsins vegna mistaka við skráningu. Stofnunin hefur beðið Nesskel velvirðingar á mistökunum.** - shá

**DÓMSMÁL**

### Líkamsárás í Öskjuhlíð

Sautján ára drengur hefur verið ákærður fyrir líkamsárás við skemmtistaðinn Rúbín í Öskjuhlíð. Honum er gefið að sök að hafa skallað mann í andlit og kýlt með þeim afleiðingum að hann skarst og marðist og tennur brotnuðu. Málið hefur verið þingfest.

# Nota gervitunglamyndir við að greina útbreiðslu lúpínu

**Greining mynda úr gervitungli nýtast vel við að sjá útbreiðslu lúpínu frá árinu 2002. Eitt svæði var rannsakað í fyrra og fjögur til viðbótar verða rannsökuð í sumar. Verkefnið er samstarf stofnana og háskóla.**

**UMHVERFISMÁL** Notkun gervitunglamynda við að meta útbreiðslu lúpínu á Íslandi lofar góðu. Nú hefur verið þróuð aðferðafræði við greiningu myndanna og niðurstöður liggja fyrir úr fyrsta hluta samstarfsverkefnis stofnana og háskóla. Frekari rannsóknir eru fyrirhugaðar í sumar.

Þetta er meðal þess sem kom fram á málþingi um alaskalúpínu sem haldið var í höfuðstöðvum Landgræðslunnar í Gunnarsholti á þriðjudag.

Arna Björk Þorsteinsdóttir, landfræðingur hjá Landgræðslunni, kynnti þar niðurstöður sínar, en vettvangsmælingar voru notaðar til að kortleggja útbreiðslu lúpínu á gervitunglamynd innan 45 ferkílómetra rannsóknarsvæðis í nágrenni Reykjavíkur. Kom í ljós að greiningarnákvæmni gervitunglamyndanna var 94 prósent og því ljóst að hér er fundin greiningartækni sem er mjög árangursrík við að fá alltæmandi upplýsingar um útbreiðslu lúpínunnar hér á landi.

Arna Björk segir að í sumar verði fjögur svæði til viðbótar kortlögð með sama hætti og í rannsókn hennar; þar á meðal svæði á sunnanverðum Vestfjörðum, á Hólasandi og í nágrenni Gunnarsholts. Hugmyndir eru jafnframt um að skoða svæði ofan 400 metra hæðarlínu, en ofan hennar má ekki nota lúpínu samkvæmt gildandi lögum. Þessar rannsóknir munu síðan nýtast við að fullgera aðferðir til að móta heildarmynd af útbreiðslu lúpínunnar hér á landi.

Arna Björk segir möguleikana sem opnast með fjarkönnun margvíslega: „Myndagrunnur af SPOT 5 gervitunglamyndum fyrir allt landið er til staðar, og elstu myndirnar eru frá 2002. Myndirnar eru því ekki aðeins mikilvægar til að meta stöðuna í dag, heldur ekki síður til að sjá hvernig lúpínan hefur breiðst út á vissu árabili. Þess vegna er aðferðafræði rannsóknanna miðuð við að auðvelt sé að endurtaka þær til að greina þróunina á milli ára og lengri tímabila.“

Fjarkönnun hefur áður verð nýtt við veðurrannsóknir, hafísmælingar, einnig til að kortleggja gróðurlendi Íslands. Eins hefur hún verið nýtt til jarðfræðirannsókna, til dæmis við að kortleggja umfang hrauna og afleiðingar jökulhlaupa. Á Skeiðarársandi var gerð greining, sem var áþekk lúpínurannsókninni, en þá voru fleiri tegundir gróðurs til skoðunar. svavar@frettabladid.is

**Rannsókn með hjálp gervitunglamynda**



**ODDSMÝRARDALUR VIÐ HAFNARFJÖRÐ** Skiptar skoðanir eru um ágæti lúpínunnar og rannsóknir á vistfræði hennar því mjög mikilvægar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipulagning rannsóknarverkefnis hófst fyrir nokkrum árum sem ætlað er að kortleggja útbreiðslu lúpínu á landsvísu með hjálp gervitunglamynda. Þetta er samstarfsverkefni Landgræðslu ríkisins, Landmælinga Íslands, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í fyrsta hluta verkefnisins þróaði Arna Björk Þorsteinsdóttir, landfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, aðferðafræði byggða á fjarkönnun, sem má nota til að rannsaka og fylgjast með útbreiðslu alaskalúpínu á Íslandi.




Söfnun UNICEF á Íslandi gengur framar vonum:

# Gefum mest allra til Sahel-söfnunarinnar

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Engin þjóð hefur látið eins mikið af hendi rakna til neyðarhjálpar UNICEF á Sahelsvæðinu í Afríku en Íslendingar sé miðað við höfðatölu.

Þetta kom fram í tilkynningu frá UNICEF í gær, en þar sagði að rúmar sautján milljónir króna hefðu þegar safnast í átaki til að forða einni milljón barna á svæðinu frá hungurdauða. Hátt í 6.500 manns hafa lagt söfnun UNICEF lið hér á landi.

Svæðið sem um ræðir er fyrir sunnan Sahara-eyðimörkina og nær yfir átta lönd; Níger, Tsjad, Búrkína Fasó, Máritaníu, Nígeríu, Kamerún, Senegal og Malí.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að reynslan sýni að yfir 95% vannærðra barna á Sahel-svæðinu sem fá meðhöndlun muni lifa af. Með réttri meðhöndlun ná flest barnanna sér á einungis nokkrum vikum.

„Við verðum að muna að það er vel hægt að koma vannærðum börnum á Sahel-svæðinu til aðstoðar,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. „Við getum hjálpað. Saman getum við gert kraftaverk.“

Söfnunin stendur enn sem hæst og hægt er að leggja málefninu lið með því að hringja í söfnunarsímana 908-1000, 908-3000 eða 908-5000, en þá verður samsvarandi upphæð skuldfærð til samtakanna, en einnig má leggja framlag inn á neyðarreikning samtakanna: 701-26-102040, kt. 481203-2950. - þj



**Á BATAVEGI** Tugir þúsunda barna hafa þegar fengið hjálp á næringarmiðstöðvum UNICEF á Sahel-svæðinu, þar á meðal þessi drengur í Tsjad. MYND/UNICEF

> Við getum hjálpað. Saman getum við gert kraftaverki.
>
> STEFÁN INGI STEFÁNSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI UNICEF Á ÍSLANDI

# HEILKORNA FLATKÖKUR

Vissir þú að Heilkorna flatkökur innihalda ekkert ger, engan viðbættan sykur og hafa lítið salt innihald

VELDU HEILKORN
Heilsunnar vegna




Trefjaríkur
## HEILKORNA KUBBUR

Trefjaríkt
## HEILKORNA BRAUÐ




Heilkorn er trefjaríkt og inniheldur mikið af vítamínum, steinefnum og fleiri heilnæmum efnum. Trefjaríkt fæði er mettandi og hefur góð áhrif á meltinguna.

Þeir sem neyta trefjaríkrar fæðu, svo sem heilkornsvara, ásamt öðrum hollum mat, eiga síður hættu á að fá langvinna sjúkdóma.

Í heilkornabrauðum er að minnsta kosti helmingur af mjölinu heilkorn.




Framleitt eftir ströngustu gæðakröfum um innihald og hollustu.

ÖMMUBAKSTUR
1952 60 ára 2012

FÆST Í NÆSTU VERSLUN !

Gæðabakstur / Ömmubakstur - Lynghálsi 7 - 110 Reykjavík - Sími: 545 7000 - www.gaedabakstur.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lausn stjórnvalda

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur vinnur nú að því að koma barnafjölskyldum til hjálpar sem eiga naumlega til hnífs og skeiðar. Rannsóknir sýna að um fjörutíu prósent allra í greiðsluvanda eru barnafjölskyldur í lág- eða miðtekjuhópum. Til þess að gera þetta hugðust stjórnvöld taka sér arð út úr bönkunum, aðallega Landsbankanum. Upphaflegar áætlanir hljóðuðu upp á heila 50 milljarða sem hægt yrði að veita inn í bótakerfið – og hækka til dæmis barnabætur. Það er hellingur. Og býsna hugvitssamlegt.

### Sanngjarnt?

Svo fór allt í steik, gengislán voru dæmd til að bera samningsvexti og bankarnir afskrifuðu 64 milljarða úr bókum sínum. Mögulegur arður ríkisins var kominn niður í 12 milljarða og minna umleikis til að hjálpa þeim verst stöddu. Og hverjum gagnaðist svo gengisdómurinn helst? Jú, hátekjufólki sem er síst allra í greiðsluerfiðleikum þótt það hafi sannarlega verið yfirskuldsett. Fólk getur velt fyrir sér hvort þetta eru sanngjörn bytti.



### Babb í bátana

Og ekki batnaði það þegar Landsbankinn greindi frá því að hann þurfi líklega að afskrifa 31 milljarð til viðbótar ef kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar verða að lögum. Það er sannkallað babb í bátinn. Reynist þetta mat bankans rétt – sem á eftir að koma í ljós – og annað hvert sjávarútvegsfyrirtæki fer á hvínandi kúpuna neyðist það til að borga hærra veiðigjald, þá verður litið eftir í bönkunum fyrir stjórnvöld að skafa ofan í björgunarpakkann sinn. Þetta hlýtur að valda heilabrotum við ríkisstjórnarborðið á næstunni.

stigur@frettabladid.is

Það er bjartara yfir en margur vill meina:

# Öfgar stela umræðu

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Það er tískufyrirbrigði að tala niður kosti Íslands og láta líkt og hér sé vart búandi. En auðvitað er margt sem er eftirsóknarvert við Ísland. Hér er eitt besta velferðarkerfi í heimi, andrúmsloftið er hreint og öryggi meira en þekkist víðast hvar annars staðar. Hér ríkir mikið frjálslyndi, virðing fyrir mannréttindum og jafnrétti. Og hér eru auðvitað náttúruauðlindir á borð við fisk, orku og náttúru sem tryggja þjóðinni efnahagslega fótfestu.

Í bankahruninu beittum við nauðsynlega neyðarrétti og veltum þúsunda milljarða skuldum sem íslenskir lögaðilar höfðu stofnað til yfir á erlenda kröfuhafa. Peningarnir þeirra, sem flæddu óhindrað inn í landið á uppgangstímum, voru að einhverju leyti notaðir í viðskiptavitleysur. En þeir voru líka notaðir til að byggja upp alls kyns innviði á Íslandi. Til að byggja íbúðir, atvinnuhúsnæði, tónlistarhús, knattspyrnuhallir, sundlaugar, skóla og vegi. Til að byggja upp þekkingu og tækni sem nýtist þjóðinni til framtíðar. Þeir voru notaðir í hluti sem kröfuhafar geta ekki með nokkru móti rifið upp með rótum og flutt til síns heima, heldur sitja sem fastast hér og auka lífsgæði Íslendinga.

Til viðbótar fylltist lögsaga okkar af makríl, loðnukvóti var aukinn og staða þorskstofnsins hefur ekki verið betri síðan á níunda áratugnum. Heildarfjöldi erlendra gesta sem heimsótti landið, og eyddi peningum hér, var 566 þúsund í fyrra. Hann var 485 þúsund í árslok 2007. Landsvirkjun segist vera með tíu verkefni um sölu á orku í vinnslu, ætlar að fara að gera tilraunir með vindmyllur og er að skoða lagningu sæstrengs til Evrópu sem forstjóri fyrirtækisins segir að myndi „stórbæta lífskjör Íslendinga".

Vegna þessa, og aukinnar einkaneyslu í kjölfar launahækkana, var hagvöxtur upp á 3,1% á Íslandi í fyrra. Spár gera ráð fyrir því að hann verði um 2,6% í ár. Það er miklu meiri efnahagsbati en mælist í Evrópusambandinu (1,5% hagvöxtur 2011) og Bandaríkjunum (1,7% hagvöxtur 2011). Auk þess fer atvinnuleysi hérlendis lækkandi (7,1%) á meðan það hækkar innan ESB (10,8%) og er komið í algjörar ógöngur í ríkjum á borð við Spán (23,6%) og Grikkland (21%).

Við höfum afskrifað meira af skuldum heimila en nokkurt annað ríki, látið vinna rannsóknarskýrslur um fall banka, sparisjóða og Íbúðalánasjóðs og gert úttekt á lífeyrissjóðakerfinu. Við höfum sett á fót sérstakt rannsóknarembætti til að saksækja þá sem taldir eru hafa framið góðærisglæpi. Það hefur gríðarlega margt verið gert.

Auðvitað glímir Ísland við stór vandamál, sem flest tengjast ónýtum gjaldmiðli. Hér er 6,4% verðbólga, gjaldeyrishöft eru í gildi til að halda inni allt að 1.000 milljörðum aflandskróna sem vilja ekki vera hérna og íslenska krónan tapar verðgildi sínu nánast daglega. Þá er ríkissjóður alltaf skuldsettur og óviðunandi að næststærsti útgjaldaliður hans, á eftir almannatryggingakerfinu, sé vaxtakostnaður vegna lántöku.

En stærsta vandamál okkar er umræðan og sú tilhneiging öfgafullra sérhagsmunahópa að stela henni, afskræma hana og túlka að eigin hentugleika til að styrkja eigin málstað. Það smitar út frá sér og skapar tortryggni, vantraust og óbilgirni. Okkur er í sjálfsvald sett að losa okkur út úr henni og hunsa þessi öfl. Til þess þarf einungis almenna skynsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Aðalfundur

**Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn laugardaginn 28. apríl 2012 kl. 14.00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Þeir félagsmenn einir hafa kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2011.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

*Stjórnin*

SJÁLFSBJÖRG

## HALLDÓR




# Örvænting grískra foreldra

Samfélagsmál



Ragnar Schram
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Hvers vegna leita mörg hundruð foreldrar í ESB-ríki til SOS Barnaþorpanna og biðja í örvæntingu samtökin um að taka að sér börn sín vegna fátæktar? Og það á árunum 2011 og 2012!

Nú hefur þetta gerst í Grikklandi. Gríðarleg aukning atvinnuleysis, tekjuskerðingar, skattahækkanir, samdráttur í velferðarkerfinu og fjölgun réttindalítilla innflytjenda veldur því að margir foreldrar sjá sér ekki annað fært en að gefa frá sér börn sín til að tryggja velferð þeirra. Undanfarið hafa yfir þúsund foreldrar í Grikklandi leitað til SOS í ofangreindum erindagjörðum og líklega er það aðeins toppurinn á ísjakanum.

Grikkir þekkja ágætlega til SOS Barnaþorpanna. Samtökin hafa sinnt barnahjálp í Grikklandi frá árinu 1975 og eru þar með þrjú barnaþorp fyrir umkomulaus börn. Þá hafa margir innflytjendur frá þriðjaheimsríkjum séð árangur af starfsemi SOS í sínum heimalöndum og liggur því kannski beinast við að þeir leiti til samtakanna.

Markmið SOS er að öll börn fái þörfum sínum mætt og búi við ástúð og umhyggju. Áðurnefndir foreldrar bera ást til barna sinna, það vantar ekki. Það eru einmitt þær taugar sem knýja örvæntingarfulla foreldrana til aðgerða. En þar sem samtökin telja best fyrir börn að búa með foreldrum sínum taka þau ekki við þessum börnum, nema í algjörum undantekningartilvikum og þá í samráði við yfirvöld. Þess í stað höfum við ákveðið að stórefla Fjölskyldueflingu SOS í Grikklandi. Hún felur í sér fjölbreyttan stuðning við barnafjölskyldur svo ekki þurfi að koma til aðskilnaðar.

Sem dæmi má nefna að fjölskyldur fá helstu nauðsynjar, ráðgjöf varðandi hjónabandið, fjármál, næringu, hreinlæti, uppeldi, réttindi o.fl. Þá fá yngri börn leikskólavist og eldri börn sérsniðna námsaðstoð. Öll aðstoðin miðar að því að fjölskyldan sundrist ekki og að þörfum barnanna verði mætt. Þessi Fjölskylduefling hefur hjálpað barnafjölskyldum um allan heim, sérsniðin að menningu hvers staðar og þörfum hverrar fjölskyldu.

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa ákveðið að lina þjáningar grískra foreldra í neyð með framlagi upp á 3,3 milljónir króna. Upphæðin er áhugaverð í ljósi þess að uppreiknuð framlög Íslendinga til SOS frá upphafi standa nú í 3,3 milljörðum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Danskan víkur

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

> Það er hæpið að halda því fram að danskan opni mönnum margar dyr sem ella stæðu lokaðar.

Það hefur lengi verið hluti norrænnar samvinnu að Skandinavar hafa þóst skilja tungumál hver annars. Líklegast hefur þetta þó minnkað undanfarin ár, nú skilja færri. Og færri þykjast skilja og þykjast tala önnur norræn mál. Fyrir vikið er enskan æ oftar notuð sem samskiptamál á Norðurlöndum. Þetta er ekki einsdæmi. Svipað virðist vera að gerast í Sviss.

Sumum þykir þessi þróun gera menningu okkar snauðari. Kannski er erfitt að deila á það. Þau okkar sem hafa búið í Danmörku og telja sig hafa lært dönsku sæmilega eru líkleg til að standa nostalgíumegin í þessum slag. En slagurinn tapaðist því miður fyrir löngu síðan. Að meðal-Íslendingur sé fær um að nota dönsku í samskiptum við aðra Norðurlandabúa er álíka satt og það að franskan í Eurovision opni keppnina fyrir milljónum manna.

### Íslenskan sem hvarf

Ég las mikið af Jules Verne bókum sem krakki. Ég man að mér þótti pólski þýðandinn stundum skilja eftir meiri frönsku óþýdda en ég kærði mig um. Það var hálfpartinn gert ráð fyrir því að menntuð æska í upphafi 20. aldar kynni alla vega grunnfrasa í „heimsmálinu“. Svipað gildir um aðrar evrópskar bókmenntir 19. aldar. Fullt af frönsku, sem fólk í dag skilur síður. Þannig eldist alþjóðlegasti partur ritverkanna hraðast.

Líklegast mun þetta gerast aftur. Eftir 250 ár verður 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason gefin út að nýju, en búið verður að snúa ensku samtölunum yfir á íslensku, til að 23. aldar fólk geti skilið þá.

Íslenska rituð af embættismönnum 18. aldar er á tíðum torskildari en talsvert eldri textar. Ástæðan er að hún þykir okkur „dönskuskotin“ og danskan hefur síðan þurft að hopa úr málinu. Menn lögðu raunar á sig heilmikla vinnu við að ryðja henni á brott. Fyrir vikið eru danskan og íslenskan ólíkari en ella. Fyrir vikið eiga Íslendingar erfiðara með að læra dönsku. Og svekkja sig á því.

Áhrif norrænna mála á íslenska menningu eru nú hverfandi. Andrésblöðin eru á íslensku. Enskan allsráðandi í afþreyingunni. Það þýðir lítið að berjast við þessa þróun. Og eins og það getur verið réttlætanlegt að gera ýmislegt til að viðhalda stöðu okkar eigin móðurmáls, þá er hæpið að við ættum að leggja í sambærilegar aðgerðir til að verja stöðu einhverra annarra tungumála.

Eins og einhverjum tungumálafræðingum kann að þykja það leiðinlegt, þá er tími hins samnorræna málsvæðis liðinn, alla vega hvað varðar Ísland og Finnland og upplifun af veru í Danmörku er sú að notkun norrænna mála í samskiptum ungs fólks og fræðimanna er á undanhaldi. Það er auðvitað ekkert nema rökrétt. Flestir íbúar Norðurlanda eru ágætir í ensku. Þeim finnst enskan einfaldlega öruggari og hlutlausari kostur.

### Annað landslag

Það er líka nauðsynlegt að benda á að íslenskt samfélag hefur breyst. Mun fleiri íbúar Íslands eru fæddir í Póllandi og Litháen en á Norðurlöndunum. Það er bæði rökrétt og hagkvæmt, bæði fyrir samfélagið og fólkið sjálft, að það fólk rækti tengsl sín við þau gömlu heimalönd, ef það svo kýs, fremur en að það rækti tengsl sín við Kaupmannahöfn.

Þó svo að þeir sem pínt hafa sig í gegnum nokkur ár af dönskunámi eigi það til að óska afkvæmum sínum sömu kvalar, þá eru það engin rök. Það er síðan hæpið að halda því fram að danskan opni fyrir mönnum margar dyr sem ella stæðu lokaðar. Stærstu rökin sem standa eftir felast í notkun dönskunnar innan stjórnsýslunnar, sem stafar af hefðum í norrænni samvinnu og t.d. því að dönsk og íslensk lög eru oft svipuð. Þetta eru ágætisrök en réttlæta ekki nokkurra ára skyldukennslu í dönsku.

Tími nemenda og kennara er takmarkaður. Rétta spurningin til að spyrja þegar rætt er um námskrá er ekki: „Væri gott ef allir kynnu dönsku?“ því auðvitað væri það gott, heldur „á að kenna dönsku fremur en að kenna eitthvað annað?“ Eins og málum er háttað bendir margt til að önnur tungumál gætu nýst mörgum nemendum betur. Það væri eðlilegra að valið um erlent mál númer tvö væri í þeirra höndum.

# Verðbólgan og meint auðsöfnun innflytjenda erlendis

Efnahagsmál



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Margrét Guðmundsdóttir
Formaður Félags atvinnurekenda

Hún er lífseig sagan af innflytjendum sem hagnast á verðbólguumhverfi með því að hækka verð umfram kostnað. Nýlegt dæmi er að fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra sagði í blaðagrein á dögunum að ýmislegt benti til að þráláta verðbólgu undanfarinna missera mætti meðal annars skýra með óeðlilegri hækkun innflutningsverðlags vegna þess að innflytjendur væru að safna fé á erlenda reikninga. Engin frekari skýring var gefin á þessari fullyrðingu í greininni.

Fyrir þá sem vilja kynna sér staðreyndir um verðlagsþróun á Íslandi undanfarin misseri nefnum við hér tvö dæmi:

Samkeppniseftirlitið gaf nýverið út skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Í skýrslunni var verð á dagvöru á árabilinu 2006 til 2011 skoðað sérstaklega með því að bera saman verðþróun dagvöru við heildsöluverð, gengisþróun, kostnaðarþætti og fleira. Undir yfirskriftinni „hækkandi verð á dagvöru skýrist af ytra umhverfi“ segir m.a. í skýrslu eftirlitsins: „Niðurstöður þessa samanburðar gefa ekki vísbendingar um að verð á dagvöru hafi hækkað meira en gengisþróun og verðhækkun á sömu vöru og hráefnum frá erlendum birgjum gáfu tilefni til. Þá hefur vísitala innlendrar mat- og drykkjarvöru hækkað svipað og verð á sömu vöru í smásölu.“ Ekki styður þessi könnun Samkeppniseftirlitsins fullyrðingar um að innflytjendur eða smásalar hafi notað tækifærið til að hækka verð umfram kostnað.

### „Verðbólgan er innlend“

Vikuritið Vísbending birti síðan mjög áhugaverða grein þann 9. apríl sl. undir yfirskriftinni „Verðbólgan er innlend“. Þar er verðbólga sl. 12 mánaða (frá mars 2011 til mars 2012) skoðuð sérstaklega með því að bera saman hækkanir einstakra undirliða vísitölunnar. Niðurstaðan er sú að helstu hækkunarliðirnir eru innlendir. Um verðþróun innfluttrar vöru segir m.a. í Vísbendingu: „Sérstaka athygli vekur að erlend mat- og drykkjarvara hefur ekki hækkað á undanförnum tólf mánuðum svo neinu nemi. Þetta þýðir að erlendir birgjar, innflytjendur og smásalar hafa tekið á sig þá 8-9% hækkun sem hefði átt að lenda hjá neytendum ef aðeins er litið á veikingu krónunnar og erlendar verðhækkanir.“




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL N

## OPNUM KL.10



**1359** KR. KG

**KS FROSIÐ LAMBALÆRI**
HAUSTSLÁTRUN 2011




**1395** KR. KG

**KJARNAFÆÐI HEIÐALAMB**
VILLIJURTAKRYDDAÐ

**LAMBALÆRI !**
EINN VINSÆLASTI
HÁTÍÐARMATUR ÍSLENDINGA




**1979** KR.KG

**KJÚKLINGABRINGUR**




**1979** KR.KG

**KJÚKLINGALUNDIR**



**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

**729** KR. KG

## BÓNUS FULLELDAÐUR BUFFALO KJÚKLINGUR

TILBÚIN VARA: ÞARF AÐEINS AÐ HITA




**398** KR. 800 GR




**598** KR. 800 GR



**3598** KR. KG

**FROSIÐ KS LAMBAFILLET**




**1259** KR. KG

**ALI BBQ GRÍSARIF**
TILBÚIN; AÐEINS AÐ HITA




**798** KR. 500 ML

SOLLU HIMNESK LÍFRÆN
**JÓMFRÚAR KALDPRESSUÐ ÓLÍFUOLÍA**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
198 KR. PARIÐ
FRÁ BLINDRAVINNUSTOFUNNI: GARÐAHANSKAR
259 KR. 10 STK.
SVARTIR RUSLAPOKAR 100 LTR.
359 KR.200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI
179 KR. STK
BÓNUS STÓR HAFRAKAKA
100 GRÖMM STK.
195 KR. KG
VATNSMELÓNUR
195 KR. KG
APPELSÍNUR
195 KR. KG
PERUR Í LAUSU
195 KR. KG
GRAPE / GREIP
FERSKT ÍTALSKT BLAÐSALAT
498 KR. 8 STK.
EUROSHOPPER
8 STK. ÍSTOPPAR Í KASSA
298 KR. 100G
ROCOLA WILD
298 KR. 100G
MESCLUM BLANDAÐ
298 KR. 100G
BABY SPINAT
5+1 GRATIS!
398 KR. PK
95 KR. DS
PRINCE POLO 6 STK: KR. 398 - COKE/LIGHT 95 KR. 500 ML
CORN ON THE COB x2
179 KR. PK
EUROSHOPPER
2 STK./450G FROSNIR MAISSTÖNGLAR
4X SPINNER
398 KR. PK
4 X SPINNER
FROSTPINNAR
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
Vanillu ís 2 lítrar
Súkkulaði ís 2 lítrar
359 KR. 2 LTR.
BÓNUS ÍS 2 LÍTRAR JARÐARBERJA - VANILLA - SÚKKULAÐI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Lögreglumál

Björgvin G. Sigurðsson
alþingismaður



Fyrir nokkru sameinaðist allsherjar- og menntamálanefnd um flutning tillögu um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Þar er lagt til að Alþingi álykti að fela innanríkisráðherra að undirbúa heildstæða aðgerðaráætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, auk allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Aðgerðaráætlunin liggi fyrir svo fljótt sem verða megi og eigi síðar en 1. október 2012.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela fjármálaráðherra að tryggja að í frumvarpi til fjáraukalaga yfirstandandi árs verði gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárveitingu til starfa rannsóknar- og aðgerðarteymis lögreglu gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem hafi samvinnu við lögreglulið um allt land.

### Strengir stilltir saman

Í greinargerð með tillögunni segir að skipulögð brotastarfsemi hafi aukist á Íslandi á síðustu árum og færst hefur í vöxt að hérlendir glæpahópar séu í tengslum við alþjóðleg glæpasamtök sem stunda skipulagða brotastarfsemi víða um heim. Grípa þarf til fjölþættra aðgerða til að vinna gegn þessari starfsemi sem grefur hratt undan samfélagsgrunninum verði ekki ráðist í samhent átak stjórnvalda, Alþingis og lögreglunnar.

Innanríkisráðherra hefur í vetur beitt sér mjög fyrir slíku samstarfi. Hann hefur af miklum skörungsskap stillt saman strengi og markmið og mun árangurinn af því án efa verða góður. Er tillaga okkar í allsherjar- og menntamálanefnd hluti af þessu góða og þétta samstarfi ráðuneytis og þingnefndar.

Að auki er í vinnslu í nefndinni frumvarp innanríkisráðherra um auknar heimildir til handa lögreglu til forvirkra aðgerða. Þar er rökrætt um hve langt þurfi að ganga og hve umfangsmiklar heimildir lögregla þurfi til að ná markmiðum sínum. Trúi ég að því máli verði lent í málefnalegri sátt og er það í forgangi hjá nefndinni að ljúka vinnslu þess máls.

Útbreiðslu skipulagrar glæpastarfsemi þarf að taka af mjög alvarlega og af fullri hörku. Bæði hvað varðar aukin úrræði og fjárveitingar til þess að löggæslan nái að vinna hratt og kerfisbundið gegn þessum vágesti.

### Margvíslegir glæpir

Skipulögð brotasamtök stunda margvíslega glæpi. Hér á landi hafa þau einkum verið tengd við stórtæk fíkniefnabrot, gróft ofbeldi, fjárkúganir, hótanir, frelsissviptingar, bótasvik, vopnalagabrot og svokallaða handrukkun. Auk þess sem vaxandi vísbendingar eru um að brotasamtök hafi aðkomu að mansali og vændi.

Í byrjum mars 2011 samþykkti ríkisstjórnin tillögu innanríkisráðherra um að veita 47 millj. kr. til tólf mánaða í átaksverkefni lögreglu til að vinna gegn skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi. Sú fjárhæð kom til endurgreiðslu með samþykkt Alþingis á fjáraukalögum ársins 2011.

Í framhaldinu var stofnað sérstakt rannsóknarteymi ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Því var gert að kortleggja brotasamtökin með sérstakri áherslu á starfsemi mótorhjólagengja. Var það gert vegna alþjóðlegra tenginga tveggja slíkra hópa. Hópurinn hefur unnið í nánu samstarfi við stofnanir innan lands, m.a. embætti tollstjóra, en einnig við löggæsluyfirvöld í öðrum ríkjum, einkum annars staðar á Norðurlöndum og við Europol.

> Það er sannfæring mín að með samhæfðum viðbrögðum íslenskrar stjórnsýslu, Alþingis, lögreglu og annarra stofnana og samfélagsins í heild sé hægt að stemma stigu við skipulagðri brotastarfsemi og vernda þannig íslenskt samfélag.

### Verulegur árangur

Fjórir rannsóknarlögreglumenn hafa alfarið helgað sig þessu verkefni og hefur afraksturinn verið meiri en vonir stóðu til. Almenn þekking á skipulagðri brotastarfsemi hefur aukist og færni lögreglu og annarra yfirvalda til að glíma við þessa hópa er umtalsvert meiri en fyrir ári. Þannig hefur verið spornað við útbreiðslu glæpanna hér á landi. Erlendum forsprökkum hefur verið vísað frá á landamærum, lögregla hefur lagt hald á umtalsvert magn fíkniefna og dregið hefur verið úr bótasvikum. Verulegur árangur hefur þegar náðst.

Það er sannfæring mín að með samhæfðum viðbrögðum íslenskrar stjórnsýslu, Alþingis, lögreglu og annarra stofnana og samfélagsins í heild sé hægt að stemma stigu við skipulagðri brotastarfsemi og vernda þannig íslenskt samfélag. Það er markmið okkar með auknu samstarfi og tilgangur tillögunnar. Hef ég lagt til við forseta Alþingis að hún komist á dagskrá sem fyrst þannig að þingi gefist kostur á að afgreiða hana fyrir þinglok í vor.

# Laugavegur - hvert skal stefnt?

Skipulagsmál

Páll Jakob Líndal
doktorsnemi í umhverfissálfræði



Sitt sýnist hverjum þegar málefni Laugavegar bera á góma og um þessar mundir snýst umræðan hvað mest um hvort gera skuli götuna að göngugötu eða ekki.

Mörgum þykir miðbæjargata þar sem iðandi mannlíf fær þrifist góð tilhugsun, sérstaklega yfir sumarmánuðina. Að þangað sé hægt að leita án brýns erindis og dvelja lengur en nauðsyn krefst. Á einföldu máli er hér verið að tala um götu með aðdráttarafl.

Án þess að draga úr vægi verslunar og þjónustu í þessu samhengi, þá hafa rannsóknir innan umhverfissálfræði, sem er sú grein innan sálfræði sem fæst við samspil fólks og umhverfis, sýnt að aðdráttarafl umhverfis byggist að miklu leyti á þeirri tilfinningu sem það vekur hjá fólki. Þannig sýna vísindalegar niðurstöður að í sínum frítíma hefur fólk sterka tilhneigingu til að velja sér umhverfi sem veitir andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Því má telja að sterk tengsl séu milli vellíðunar og aðdráttarafls.

Um langt árabil hafa rannsóknarniðurstöður gefið til kynna neikvæð áhrif bílaumferðar á upplifun fólks og víða má sjá, s.s. á Laugavegi, hamlandi áhrif hennar fyrir vöxt og viðgang mannlífs. Í ljósi þessa hallast sífellt fleiri að nauðsyn þess að draga úr bílaumferð í miðbæjum, og því samfara skapa fleiri tækifæri og auknar ástæður fyrir fólk til að dvelja á viðkomandi svæði auk þess sem greitt er fyrir gangandi og hjólandi umferð. Sé stefnan sú að skapa mannlíf á Laugaveginum, má ljóst vera að lokun Laugavegar fyrir bílaumferð, að hluta til í það minnsta, er nauðsynlegur liður á þeirri braut.

Ekki eru allir jafn sannfærðir og bent hefur verið á möguleg neikvæð áhrif lokunar á hag verslana. Vissulega er þetta sjónarmið allrar athygli vert og nauðsynlegt að þróa Laugaveg sem göngugötu með þarfir verslunar og þjónustu í huga en gögn erlendis frá sýna að ef rétt er að verki staðið megi búast við aukinni veltu verslana í kjölfar lokunar fyrir bílaumferð. En er hægt að heimfæra þessar niðurstöður á Laugaveginn í Reykjavík? Að öllum líkindum - ef vel er á málum haldið.

Upp úr 1960 voru margir efins um að göngugata gæti þrifist í miðbæ Kaupmannahafnar. Til þess væri t.d. hnattræn lega borgarinnar of norðlæg og veðurfar óhagstætt. Raunin varð önnur. „Strikið“ dafnar vel og árið 2005 hafði flatarmál svæða í miðbæ Kaupmannahafnar ætluðum gangandi vegfarendum sjöfaldast frá því sem var í upphafi. Ein meginástæða þessa eftirtektarverða árangurs er sú að mótun og hönnun umhverfisins fór fram á forsendum fólksins; þarfa þess, langana og atferlis - á forsendum vellíðunar.

Sama þarf að vera upp á teningnum í málefnum Laugavegar. Framtíðarsýn hans þarf að hafa fólk í forgrunni og spyrja þarf hvernig, en ekki hvort, byggja skuli götuna upp sem göngugötu. Til að svara þeirri spurningu þurfa ólík sjónarhorn, sem sum hver hafa aldrei fyrr komið að borðinu, að fá sitt vægi. Í fyrrasumar steig Reykjavíkurborg fyrsta skrefið á þessari vegferð og hyggst nú í sumar halda áfram. Því ber að fagna.

# Hvað er lífgas?

Orkugjafi

Dr. Rúnar Unnþórsson
lektor í iðnaðarverkfræði hjá HÍ



Kristján Hlynur Ingólfsson
umhverfisfræðingur hjá Verkís



Lífgas, sem einnig er þekkt sem hauggas, er gas sem myndast þegar lífrænt efni brotnar niður við súrefnislausar aðstæður. Niðurbrotið er lífrænt ferli og á sér stað víðsvegar í náttúrunni, t.d. í setlögum vatna, vatnsósa jarðvegi (mýrum), við heitar uppsprettur á hafsbotni, í haughúsum o.fl. Lífgas er gasblanda sem samanstendur að mestu af lífmetani, 45-85%, og koltvíoxíði 14-45%. Hlutfall lífmetansins í lífgasinu er háð efnasamsetningu lífræna efnisins sem brotið er niður, en gróflega má segja að hlutfallið lækki með auknu magni vetniskolefna og aukist með auknu fituinnihaldi. Lífgasið inniheldur einnig aðrar gastegundir sem þarf að fjarlægja með hreinsun ef það á til að mynda að nota það á bílvélar. Eftir hreinsun lífgassins er algengt að hlutfall lífmetansins fari upp í 98% og þá er venjulega talað um lífmetan. Lífmetan er það metan sem selt er á farartæki hér á landi.

> Með verkefninu er verið að undirbúa kerfisbundna miðlun þekkingar og byggja upp...

Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Verkfræðistofan Verkís vinna nú saman að verkefni sem hefur það að meginmarkmiði að taka saman hagnýta og fræðilega þekkingu á framleiðslu, hreinsun og nýtingu lífgass. Þessi þekking er svo nýtt til þess að setja saman bóklegt og verklegt kennsluefni þar sem áherslan er á smærri útfærslur sem henta íslenskum bændum. Verkefnið hlaut hvata- og þróunarstyrk frá samstarfsnefnd opinberu háskólanna í desember 2011 og styrk frá Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar í febrúar 2012.

Í verkefninu verða útbúin námskeiðsgögn fyrir námskeið í framleiðslu, hreinsun, nýtingu og almennri meðhöndlun lífgass. Auk þess munu gögnin innihalda hagkvæmniútreikninga og hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem hafa áhuga á að hefja lífgasframleiðslu. Námskeiðsgögnin verða öll rafræn og samanstanda af kennslubók, upptökum af fyrirlestrum (aðgengilegum á vef), vikuverkefnum og búnaði fyrir verklegar æfingar og þróunarvinnu. Í fyrstu verða námskeiðsgögnin nýtt fyrir námskeið sem Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands stefna á að bjóða sameiginlega upp á veturinn 2012-2013. Þar sem lífgas er í eðli sínu fjölfræðilegt viðfangsefni þá mun námskeiðið og gögnin nýtast nemendum sem eru á mismunandi námsleiðum, t.d. búfræði hjá LbhÍ, Véla- & iðnaðarverkfræði HÍ, Umhverfis- og byggingarverkfræði HÍ, Umhverfis- og auðlindafræði HÍ o.fl. Rafræn kennslugögn og upptökur af fyrirlestrum munu gera nemendum mögulegt að stjórna sínu námi betur, þ.e. þeir geta horft á fyrirlestra þegar þeim hentar, stöðvað spilun og horft/hlustað aftur á atriði sem eru torskilin. Upptökurnar eru einnig lykilþáttur í því að gera háskólunum tveimur mögulegt að bjóða upp á sameiginleg námskeið. Að öðrum kosti þyrftu nemendur í öðrum skólanum að leggja á sig a.m.k. tveggja klukkutíma ferðalag (fram og til baka) til að sitja fyrirlestur hjá hinum skólanum.

Gert er ráð fyrir að námsgögnin verði síðar aðlöguð að almennri fræðslu – mögulega fyrir önnur skólastig eða opin námskeið. Í sambandi við þetta er skemmtilegt að nefna að Bændasamtök Íslands hafa sýnt verkefninu áhuga og fylgjast með því sem fulltrúi bænda sem vilja auka virði afurða sinna, auka nýtingu og sparnað – samhliða því að verða vistvænni. Upptökur fyrirlestra munu nýtast fyrir fjarnám fyrir bændur með verklegum staðlotum.

Með verkefninu er verið að undirbúa kerfisbundna miðlun þekkingar og byggja upp búnað sem nýtist bæði í verklegar æfingar og rannsóknaverkefni. Lokamarkmiðið er að efla hagnýtar og verkfræðilegar rannsóknir á nýtingu lífmassa sem orkugjafa. Í framhaldinu verða aðrar aðferðir, líkt og gösun lífmassa, skoðaðar.

Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 23. apríl, kl. 18,
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Karl Kvaran

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17,
sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is




BOSS KYNNING Í HAGKAUP
DAGANA 20. - 25. APRÍL

20% AFSLÁTTUR
OG VEGLEGIR KAUPAUKAR*

*Gildir á meðan birgðir endast



BOSS
HUGO BOSS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Sjóleiðin norður til Kína og umskipunarhöfn á Íslandi

Siglingaleiðir



**Þór Jakobsson**
veðurfræðingur og fv. deildarstjóri hafísrannsókna Veðurstofu Íslands

Þegar línur þessar birtast lesendum verður kínverski forsætisráðherrann líklega kominn og farinn. En nú er boðuð heimsókn hans til Íslands, leiðtoga fjölmennasta ríkis veraldar. Koma hans er athyglisverður viðburður.

Atburður rifjast upp fyrir mér, raunar ein eftirminnilegasta stund starfsævi minnar. Það var morgunfundur einn á Akureyri meðan stóð þar á heimsþingi Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar á sviði sjóveðurfræði 19. – 29. júní 2001. Veðurstofa Íslands stóð að þinginu í samvinnu við stofnunina, sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, ríkisstjórn Íslands og Akureyrarbæ. Þetta var að líkindum ein viðamesta ráðstefna sem haldin hefur verið hér á landi að því leyti að hún var mjög formleg og fór fram með hjálp túlka á fimm tungumálum. Nokkur hundruð allra þjóða kvikindi sóttu ráðstefnuna, fulltrúar þjónustustofnana ríkja víðs vegar um heim á sviði veðurs á sjó, öryggis, fjarskipta, samgangna o.s.frv. Mörg ríki höfðu sent einungis einn sérfræðing á þingið en stærri ríkin fylltu kvótann og sendu fimm sérfræðinga, auk aðstoðarmanna og túlka. Einn stóru hópanna var sendinefnd Kína.

Snemma á þinginu kom kínverskur fulltrúi að máli við mig og spurði kurteislega hvort kínverska sendinefndin gæti fengið tækifæri til að halda fund með sendinefnd gestgjafanna, okkar Íslendinga. Var látin í ljós ósk um að fræðast um sjóveðurþjónustu Íslendinga, veðurspár, ölduspár, hafís og öryggi á sjó.

Lét ég taka frá fundarherbergi fyrir fund eldsnemma morgun einn og fylkti liði með starfssystkinum mínum af Veðurstofu Íslands sem yrðu þann daginn, komin að sunnan. En ég var í rauninni eini formlegi fulltrúi Íslands sem sat allt þingið. Við vorum því jafn mörg og Kínverjarnir og sátum við nú þessa björtu morgunstund við stærsta hringborð sem völ var á í Íþróttahöllinni og kannski á allri Akureyri og ræddum í bróðerni um veður á sjó á Atlantshafi og íslensk vísindi. Við tókum til máls, Íslendingarnir, eitt af öðru og fræddum hina háttvísu sendinefnd um hvert okkar sérsvið. Allt okkar tal var jafnharðan túlkað á hið fjarræna mál af ungum snargáfuðum fegurðardísum í hópi gestanna.

Meðan á þessu stóð hvarflaði ekki að mér að þessi samkunda við hringborðið væri á nokkurn hátt sérstæð. Við landarnir töluðum á hinni alvanalegu heimstungu, enskunni, um fræði okkar eins og ótal oft áður, störf og aðferðir, við erlenda kollega sem auðsýnilega voru mjög áhugasamir og eðlilega forvitnir um störf okkar og reynslu í þessum heimshluta. Í hátt voru þeir eins og aðrir kínverskir kollegar sem ég hef hitt, kurteisir og hláturmildir þegar svo bauð við að horfa. Að svo búnu þakkaði kínverska sendinefndin innilega fyrir fundinn með okkur og mér var skenkt forláta blóðrautt bindi í fallegum kassa að skilnaði, bindi sem ég skarta öðru hverju enn þann í dag.

Ekki varð ég var við að kínverska sendinefndin hafi átt slíkan prívatfund með öðrum en okkur Íslendingum meðan stóð á þessu alþjóðlega þingi norður á Akureyri. En þegar frá leið var vissulega skemmtilegt til þess að hugsa að sendinefnd ríkis sem er fimm þúsund sinnum fjölmennara en við hér þjóðarkrílið í Atlantshafi hafi sýnt gestgjöfunum þá virðingu að vilja fræðast um aðferðir og verkefni sem hér er fengist við. Kínverskum kollegum okkar fannst greinilega nokkurs virði að kynna sér hvað við værum að dedúa og ég hef aldrei verið í vafa um að það var heilsað upp á okkur gestgjafana af einlægni og einskærri fræðilegri forvitni með alþjóðalega samvinnu í huga.

Ég klykki út með því að benda á fyrirsögn þessa greinarkorns með orðum sem ég hef klifað á í rúman aldarfjórðung og skorað í sífellu á íslensk stjórnvöld og athafnamenn að íhuga en líka AÐHAFAST, ekki bíða lengur og hlusta eftir fréttum að utan. Ísland verður senn í þjóðleið milli Atlantshafs og Kyrrahafs og þjóðin ætti að sjá sér hag í því. Hún ætti að vinna sjálfstætt að því að undirbúa sjóleiðina NORÐUR til Kína í samvinnu við Norðurlönd og „engilsaxa“, Bretland og Norður-Ameríku. Og bjóða svo þjóðum Evrópuskaga, Rússum og Kínverjum að koma hér við og eiga viðskipti við okkur.

# Lokun Laugavegar, loftlagsbreytingar og lifandi miðbær

Skipulagsmál



**Guðmundur Kristján Jónsson**
nemi í skipulagsfræði við University of Waterloo

Björn Jón Bragason, talsmaður hóps kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg, ritaði grein í Fréttablaðið þann 28. mars síðastliðinn sem bar yfirskriftina Aðför borgaryfirvalda að Laugaveginum. Í greininni voru reifuð ýmis málefni sem beinast að fyrirhugaðri sumarlokun borgaryfirvalda á Laugaveginum fyrir bílaumferð. Meðal annars gagnrýnir Björn hækkun bílastæðagjalda í miðborginni og bendir á umræðu sem fram hefur farið í Bretlandi um að lækka bílastæðagjöld og fella niður gjaldskyldu við aðalverslunargötur landsins. Engin borgarheiti eru þó nefnd í því samhengi og leikur þeim er hér heldur á penna mikil forvitni á að vita hvaða framsýnu yfirvöld í Bretlandi hyggjast stuðla að aukinni umferð þar í landi. Björn leggur til að borgaryfirvöld í Reykjavík fylgi fordæmi ónefndra Breta og liðki fyrir akandi umferð í borginni með það að markmiði að tryggja lífsviðurværi hagsmunaaðila við Laugaveg.

Nú er það hvorki tilgangur þessarar greinar að stofna til ritdeilna við Björn um réttmæti þess sem hann hefur fram að færa né að gera lítið úr fjárhagsáhyggjum kaupmanna sem byggja lífsviðurværi sitt á verslun við Laugaveg. Hins vegar er það svo að umræðan um tímabundna lokun hluta Laugavegar líður að mörgu leyti fyrir þá staðreynd að rannsóknir á áhrifum lokunarinnar skortir. Íbúasamtök fagna lokuninni á meðan hluti verslunareigenda mótmælir henni harðlega. Borgaryfirvöld nefna að heildarvelta og fjöldi gesta í miðbænum hafi aukist á árinu 2011 frá árinu 2010 en verslunarmenn halda hinu gagnstæða fram. Allt eru þetta góð og gild rök sem eiga þó það sameiginlegt að engar haldbærar sönnur liggja að baki þeim sem hægt er að rekja eingöngu til lokunarinnar.

Hins vegar liggja haldbærar sannanir að baki mörgum þeim stefnum sem borgaryfirvöld vítt og breitt um heiminn tileinka sér í síauknum mæli. Mikil fólksfjölgun í stórborgum heimsins hefur haft í för með sér gríðarlegar afleiðingar, ekki síst hvað varðar umhverfismál. Umferðaröngþveiti einkennir flestar borgir heims, stórar sem smáar, og það er staðreynd að mengun af völdum bílaumferðar er stór þáttur í þeim loftlagsbreytingum sem herja á heimsbyggðina. Nútímamaðurinn reiðir sig um of á bílinn sem fararskjóta og afleiðingarnar eru óafturkræfar í umhverfislegum skilningi.

Nú kunna einhverjir að spyrja hver tengslin milli loftlagsmála og lokunar Laugavegsins fyrir bílaumferð kunni að vera.

Rannsóknir hafa sýnt fram á óumdeilanleg tengsl milli bílastæðaframboðs, bílastæðagjalda og bílaumferðar. Því fleiri og ódýrari bílastæði sem bjóðast þeim mun meiri verður umferðin með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið og umhverfið í heild. Kostnaður við stóraukna umferð síðustu áratuga er ekki síst falinn í því verðmæta landsvæði sem bílastæði leggja undir sig, sem og öðrum þáttum sem erfitt er að meta að fullnustu til fjár. Sú gjaldskylduhækkun sem nú er fyrirhuguð í miðborginni slagar ekki upp í brot af þeim kostnaði sem bílastæðaframboð veldur í raun og veru, hvort sem kaupmönnum, íbúum og gestum miðbæjarins líkar betur eða verr. Stærsti hluti kostnaðarins fellur óhjákvæmilega á skattgreiðendur alla, hvort sem þeir eiga bíl eður ei. Réttast væri að bílastæðagjöld tækju enn frekar mið af verðmæti þess landsvæðis sem þau eru á og öll bílastæði í opinberri eigu væru gjaldskyld, hvar á landi sem þau eru.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þrátt fyrir að einkabíllinn sé góðra gjalda verður fyrir margar sakir þá er það ekki svo að það sé stjórnarskrárbundinn réttur bíleigenda að komast allra sinna leiða á ökutækjum sínum. Þeim mun síður er það hlutverk borgaryfirvalda að niðurgreiða þann stórfellda kostnað sem bílastæði skapa fyrir samfélagið enn frekar en nú er gert.

Borgaryfirvöldum ber skylda til að stuðla að sjálfbærri þróun borgarinnar og stór liður í því verkefni er að draga úr mengandi bílaumferð, ekki síst með því að draga úr framboði á bílastæðum eða í það minnsta koma á gjaldskyldu í samræmi við þann beina og óbeina kostnað sem af þeim hlýst. Tímabundin lokun Laugavegar fyrir bílaumferð er ekki einungis liður í því verkefni heldur einnig táknræn ákvörðun í ljósi þeirrar óumflýjanlegu staðreyndar að einkabíllinn, eins og við þekkjum hann, er hnignandi samgönguform.

Að endingu er rétt að taka fram að það er einlæg trú og von þess sem að hér ritar að þrátt fyrir meintar aðfarir borgaryfirvalda að Laugaveginum muni tíminn leiða í ljós að verslun á Laugavegi muni fyrst blómstra án bílaumferðar. Blómlegt mannlíf leiðir til lifandi miðbæjar, öllum til bóta, bæði kaupmönnum og öðrum borgarbúum.

> Hins vegar er það svo að umræðan um tímabundna lokun hluta Laugavegar líður að mörgu leyti fyrir þá staðreynd að rannsóknir á áhrifum lokunarinnar skortir.

# Tekjur af auðlindum

Auðlindamál



**Oddný G. Harðardóttir**
fjármálaráðherra

Fasteignaeigendur geta krafist tekna af eigum sínum jafnvel þó þeir feli öðrum að nýta þær. Þetta þykir öllum sjálfsagt og eðlilegt. Ef fasteigninni fylgja hlunnindi hefur eigandinn einnig rétt á tekjum vegna nýtingu þeirra. Samkvæmt talsmönnum Sjálfstæðisflokksins virðist undantekningin frá þessum viðtekna skilningi á eignaréttinum vera sú að ef eigandinn er þjóðin þá er ekki jafn sjálfsagt að eigandinn njóti sanngjarna tekna af eign sinni. Þetta virðist m.a. vera inntak greinar sem Þorsteinn Pálsson fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins skrifar í Fréttablaðið á laugardaginn s.l.

### Tekjur og auðlindarenta

Frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðileyfagjald gerir ráð fyrir þeirri leið að leggja gjald á auðlindarentuna sem myndast í sjávarútvegi en ekki á eðlilegan hagnað fyrirtækjanna. Á hann verður ekki lagður venjulegur íslenskur fyrirtækjaskattur, sem er einn sá lægsti í vestrænum ríkjum eða 20%. Því er hér um grundvallarmiskilning Þorsteins að ræða. Það er mikill munur á tekjum sjávarútvegs annars vegar og auðlindarentu hins vegar.

### Samanburðurinn við vestræn ríki

Þorsteinn segir enn fremur að í „engu öðru vestrænu ríki eru uppi viðlíka hugmyndir um ríkisforsjá í höfuðgrein atvinnulífsins“. Hið rétta er að tvær af höfuðgreinum atvinnulífsins í Noregi snúast einmitt um auðlindanýtingu. Olíuvinnslan þar greiðir 78% skatt af auðlindarentu og svipuðu kerfi höfum við komið okkur upp hér á Íslandi til að vera viðbúin því ef olía finnst í íslenskri lögsögu. Vegna mikillar tekjuaukningar hefur á undanförnum árum myndast auðlindarenta í norska orkuiðnaðinum. Til að bregðast við voru skattalögum þar breytt og nú greiða vatnsaflsvirkjanir fastan skatt sem nemur 11 norskum aurum á kílóvattstund, 28% tekjuskatt og 30% auðlindarentuskatt ofan á það.

Fyrrnefnd fullyrðing Þorsteins eru því í besta falli öfugmæli því almenna reglan er sú að atvinnugreinar borga fyrir aðgang sinn að takmörkuðum gæðum á Vesturlöndum, jafnvel þó þær séu kallaðar „höfuðgreinar atvinnulífsins“.

Allar höfuðatvinnugreinar Evrópuríkjanna bera kostnað vegna aðgangs að auðlindinni sem við öndum að okkur – andrúmsloftinu. Útblástursheimildir voru í fyrstu gefnar fríar til fyrirtækja sem höfðu „útblástursreynslu“ en þegar óréttlætið varð mönnum ljóst var það lagfært, fyrra kerfi fyrnt og stefnan tekin á uppboð. Þetta er leið vestrænna ríkja og þar með talið Íslands til að jafna aðgang nýliða að atvinnugrein og skila auðlindarentunni til almennings. Enginn kvartar yfir álögum. Það munu útgerðarfyrirtækin ekki heldur gera ef þau greiða sanngjarnt afnotagjald.

### Framtíðarskipan auðlindamála

Ríkissjóður mun í framtíðinni fá tekjur af auðlindum í þjóðareign. Það verður gert með tveimur leiðum, uppboðum á nýtingarleyfum og gjaldtöku af auðlindarentunni. Frumvarp sjávarútvegsráðherra um gjaldtöku af auðlindarentu í sjávarútvegi er nú til umræðu í þinginu. Umhverfisráðherra mun á næstu dögum mæla fyrir lögum sem heimila uppboð á útblástursheimildum og tekjurnar renna í opinbera sjóði. Póst og fjarskiptastofnun hefur þegar hafið undirbúning uppboðs á tíðnisviðum fyrir fjórðu kynslóð farsíma.

Forsætisráðherra skipaði á síðasta ári svokallaða auðlindastefnunefnd sem vinna á stefnumörkun ríkisins í auðlindamálum. Nefndin, sem er á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, hefur nú mótað fyrstu tillögur, sem unnar verða áfram, um hvernig auðlindarentu yrði skilað til eigenda auðlindanna ef renta myndast í viðkomandi grein. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. júní nk.

Í fjármálaráðuneytinu höfum við hafið vinnu við stofnun auðlindareiknings í eigu ríkissjóðs. Tilgangurinn er að gera sanngjarnar tekjur ríkisins af auðlindum þjóðarinnar sýnilegan. Menn geta þá rökrætt hvort þær komi til lækkunar skatta í framtíðinni, til eflingar velferðarkerfisins eða til uppbyggingar innviða samfélagsins.

# Það stendur mikið til

Menning



**Friðrik Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar

Eins víst og að lóan kemur er Listahátíðin List án landamæra á hverju vori. Listahátíð þessi hefur það að markmiði að brjóta niður múra á milli fólks og benda á tækifærin í samskiptum manna á milli í stað tálmana, margbreytileikann í stað einsleitni.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólk er það undirstrikað að fatlað fólk leggur margt til samfélaga sinna. Aðildarríkin og allur almenningur er hvattur til að kynna sér færni og verðleika fatlaðs fólks í samfélagi sínu. Sérstaklega er fjallað um að fatlað fólk fái tækifæri til að þroska og nota sköpunargáfu sína svo og listræna getu, ekki einvörðungu í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga mannlíf í eigin samfélögum.

Allt þetta hefur List án landamæra 2012 að leiðarljósi. Margir spennandi atburðir verða á hátíðinni í ár. Samsýningar fatlaðra og ófatlaðra listamanna, samspil Retro Stefson og Bjöllukórsins, blint bíó og ljósmyndasýning með sjónlýsingu, söngur Eurosong-farans Töru Þallar og uppistand Elvu Daggar svo eitthvað sé nefnt.

Það er ástæða til að hvetja alla til að kynna sér atburði hátíðarinnar á www.listanlandamaera.blog.is og taka þátt í viðburðum hátíðarinnar en frítt er á alla viðburði.



4BLS
BÆKLINGUR
SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM MINNIS-KORTUM
MINNISKORT
Minniskort fyrir spjaldtölvur, myndavélar og síma í miklu úrvali, nú allt að 50% afsláttur
TILBOÐ
MIKIÐ ÚRVAL MINNISKORTA
ENN BETRA VERÐ
4GB MINNISLYKILL
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
990
8GB 1.990 • 16GB 3.990
7”
Spjaldtölva með 2-punkta 800x480 snertiskiá
19.900
8”
Spjaldtölva með 5-punkta 800x600 fjölsnertiskiá
29.900
10”
Spjaldtölva með 5-punkta 1024x600 fjölsnertiskiá
39.900
PlayTab
2PRO
Glæsilegar multimedia spjaldtölvur fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 4.0 stýrikerfi
SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
android
7” SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3
14.900
8” SPJALDTÖLVA 19.900
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
20. APRÍL 2012 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# GIGABYTE

**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1**

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-3670K Quad Core 2.7GHz 4MB
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB Radeon HD6530D DX11 skjákjarni
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

DELUXE VÉL Í LEIKI OG VINNSLU




# EEEBOX

**BORÐTÖLVA Á TILBOÐI**

- Fusion Dual Core X2 E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- Hægt er að festa aftan á skjá
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2xUSB3.0, 4xUSB2, HDMI, VGA o.fl.
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**76.900**

ÖRSMÁ OG ÖFLUG HEIMILISTÖLVA

# USB GL







# MINIMUS

**2TB USB 3.0 FLAKKARI**

LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og MAC tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**24.900**

FLAKKARAR Í MIKLU ÚRVALI




# 500GB

**RIKIKI FLAKKARI FRÁ LACIE**

- 500GB LaCie hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Sérhannaður innfelldur USB kapall
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Glæsilegt Metal Black álhús

**16.900**

1TB USB 3.0 Metal Black 21.900




# ISURUS HEYRNARTÓL

Þægileg heyrnartól úr léttu gúmmí, hljóðnemi á snúru, svarhnappur fyrir síma, góður og tær hljómur, þéttur bassi og handhæg taska fylgir

**4.990**

FÁST Í 3 LITUM




# NET YFIR RAFMAGN

Með 200Mbps HomePlug frá TRENDnet er hægt að tengjast heimaneti í gegnum rafmagnstengla í húsinu á auðveldan og öruggan máta:)

**11.900**

TVÆR HOMEPLUG EININGAR




# 120GB SATA3 SSD

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**24.900**

60GB 14.900 • 240GB 49.900




# GIGABYTE FORCE K3

Glæsilegt leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð ásamt ábrenndu íslensku letri

**5.990**

GIGABYTE FORCE K3 LEIKJALYKLABORÐ




# M7700 ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 5.490

TÖL

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**HUNDAR OG BÖRN**
**Félagar í Hundaræktarfélagi Íslands verða með hunda til sýnis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um helgina. Börnum verða gefin góð ráð varðandi umgengni við hundana og fá afhentan nýútkominn bækling Hundaræktarfélagsins. Hundarnir verða á staðnum frá 13-17 laugardag og sunnudag.**

Hálendis
NÝTT
spjót
Fjallalamb á framandi máta
Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu
2.690 kr.



Grillhúsið
LIFE IS BEAUTIFUL
pepsi
Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi,
sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

# ENGIN LEYNDARMÁL

**BED & BREAKFAST KEFLAVÍK AIRPORT KYNNIR** *Hver vill ekki sofa ögn lengur, njóta dásamlegs morgunverðar og geyma bílinn frítt við Leifsstöð á meðan farið er út í heim?*

Æ fleiri átta sig á kostum þess að hvílast nóttina fyrir flug hjá okkur, enda geta þeir sparað sér stórfé á meðan þeir sofa aðeins lengur, fá fylli sína af hollum og girnilegum morgunmat og geyma bílinn sinn frítt á meðan farið er utan," segir Bragi Hinrik Magnússon, framkvæmdastjóri gistiheimilisins Bed & Breakfast Keflavík Airport, sem staðsett er í gömlu herstöðinni á Miðnesheiði, sem nú heitir Ásbrú.

„Bandaríkjaher lét sérsmíða húsið undir hótelrekstur á sínum tíma og rak það með myndarbrag," útskýrir Bragi sem staðið hefur fyrir miklum og fögrum endurbótum á gamla herhótelinu.

„Stemningin hér á Vellinum er skemmtileg, sérstæð og forvitnileg, enda var herstöðin forboðin Íslendingum á meðan Bandaríkjamenn réðu hér ríkjum. Víða má finna hernaðarleyndarmál sem hulunni hefur verið svipt af og hægt er að skoða á svæðinu," segir Bragi.

**DEKRAÐ VIÐ GESTINA**

Gistiheimilið, sem meðal Íslendinga gengur undir nafninu Gistihús Keflavíkur, er með stærsta gistirými á Suðurnesjum og tekur hátt í 200 gesti.

„Hér fer virkilega vel um alla og vel hugsað um gesti í hvívetna. Herbergin eru rúmgóð og falleg, öll með gervihnattasjónvarpi, fríu þráðlausu netsambandi og sérbaðherbergi. Sum herbergjanna geyma tvö aðskilin svefnrými og í boði eru allt upp í sex manna herbergi sem er frábær kostur fyrir fjölskyldur á ferðalagi," upplýsir Bragi.

Hann segir gistiheimilið njóta mikilla vinsælda ferðafólks af landsbyggðinni sem með gistingu við flugstöðina losni við að keyra um langan veg að nóttu og óþarfa stress fyrir morgunflug.

„Við bjóðum upp á víðtæka þjónustu fyrir gesti okkar og pössum upp á að vera með hagstæðasta verðið," segir Bragi sem býður fría akstursþjónustu til og frá flugvelli og þrif á bílum á meðan þeir eru geymdir frítt hjá gistihúsinu. Þá selur hann skoðunarferðir á land og sjó með ferðaþjónustu og hefur tiltæka bílaleigubíla fyrir gesti sína að morgni.

„Samhliða gistiheimilinu rekum við einnig bílaleiguna MyCar sem býður allar tegundir bifreiða frá Toyota og allt nýja bíla á góðu verði," segir Bragi.

Þess má geta að Bed & Breakfast Keflavík Airport er vinsælt til veisluhalds í fallegum húsakynnum og í setustofunni er ávallt opið fyrir gesti sem vilja njóta góðrar stundar yfir íþróttaleikjum.

„Reykjanesið er falin útivistarperla með endalausa möguleika afþreyingar og tilvalið fyrir Íslendinga að láta fara vel um sig hjá okkur á meðan þeir skoða Reykjanesskagann í sumarskrúðanum."

Bed and Breakfast Keflavík Airport er á Valhallarbraut 761 í Reykjanesbæ.

Sími 426 5000. Sjá www.bbkeflavik.com.





**KÁTIR Í KEFLAVÍK**
Bragi Hinrik Magnússon framkvæmdastjóri og Hjörtur Árnason rekstrarstjóri kampakátir í glæsilegri gestamóttöku Bed & Breakfast Keflavík Airport. Á neðri myndinni má sjá eitt af mörgum fallegum og vel útbúnum herbergjum gistihússins.

Eva Sveinsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness



Þau vita hvað þarf til að ná árangri
enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.
Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.
Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands



NINGS
TRANS FITA
MSG
Heilsuréttir Nings
og kroppurinn blómstrar
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is




# TILRAUNAELDHÚS Á SELTJARNARNESI

**GÓÐUR RÉTTUR** *Fjölbreytt grænmeti og bragðmikið krydd skipar stóran sess í ljúffengum kjúklingapottrétti.*

Marga fjölskyldurétti má rekja til matreiðslukennslu yngri fjölskyldumeðlima. Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Staka, eldar oft ljúffengan kjúklingarétt sem má einmitt rekja til matreiðslukennslu sona hennar. Einn daginn komu tveir þeirra heim með ljúffengan kjúklingapottrétt úr heimilisfræðitíma. Ekki fengu þeir uppskriftina en mundu nokkurn veginn innihaldið. „Ég ákvað að leyfa þeim að prófa að elda matinn heima og við keyptum hráefnið saman í réttinn. Þótt rétturinn innihaldi kjúklingakjöt er það í rauninni grænmetið og kryddið sem gerir réttinn svona góðan.“

Hún segir markmiðið með matseldinni að framreiða hollan mat með miklu grænmeti sem drengirnir hafi góða lyst á. Val hráefna hefur í gegnum tíðina miðast við vilja drengjanna og áhuga til að matreiða og smakka hinar margvíslegu gerðir grænmetis. „Við mælum sjaldnast það sem fer í pottinn. Matseldin er hálfgert tilraunaeldhús og gefur færi á að smakka grænmetið hrátt, eftir eldun og í sjálfum réttinum.“



**SÆLKERAR** Fjölskylda og gestir gæða sér á ljúffengum kjúklingarétti hjá Svönu Helen. MYND/AÐSEND

Svana Helen var nýlega kjörin formaður stjórnar Samtaka iðnaðarins. Hún segir mörg spennandi verkefni bíða hennar og stjórnarinnar. „Eitt mikilvægasta verkefnið að mínu mati er að styrkja íslenskan iðnað með meiri nýsköpun þvert á hefðbundnar atvinnugreinar. Það er svigrúm til nýsköpunar í öllum atvinnugreinum.“



**PITSUÁSKORUN**

**MEÐ GEITAOSTI** Sverrir Viðar Hauksson með ljúffenga pitsu. MYND/HAG

# SKORAR Á GUÐRÚNU

**GÓÐGÆTI KYNNIR** *Wewalka pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.*

Næstu föstudaga verða birtar hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi. Aðalsteinn Leifsson skoraði á Sverri Víði Hauksson að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

## HOLL OG SPENNANDI

### PITSA MEÐ EGGALDIN OG GEITAOSTI

1 pakki xxl Wewalka deig

SÓSA
1 dós „diced“ tómatar (Hunt's) - stappaðir lauslega með gaffli
u.þ.b. 100 g tómatpúrra
u.þ.b. ein lúka af ferskri basilíku, smátt saxaðri
salt, pipar og smá chili-duft
u.þ.b. 2 matskeiðar hlynsíróp
Allt hrært vel saman og látið standa smá stund.
Eggaldinið er skorið í þunnar sneiðar með mandólíni eða góðum hníf (langsum).
Salti dreift yfir sneiðarnar og látið standa góða stund til að draga vökva úr þeim. Þær eru síðan þurrkaðar vel, bæði vökvi og salt. Steiktar í olíu þar til þær eru farnar að brúnast en þá eru þær teknar af pönnunni og lagðar á eldhúsbréf svo olían renni af þeim.
Geitaostur (klumpur) skorinn í þunnar sneiðar. Sósunni smurt á pitsabotninn og smávegis af rifnum mozzarella osti dreift yfir.
Eggaldin sneiðarnar lagðar ofan á og því næst geitaosturinn.
Bakað við 220-230 gráður þar til deigið er fullbakað. Nokkrir dropar af góðri jómfrúarólífuolíu yfir og borið fram.




**„Ég ætla að skora á matgæðinginn Guðrúnu Högnadóttur, framkvæmdastjóra Opna Háskólans í Reykjavík.“**

## SWEET CHILLI KJÚKLINGAPOTTRÉTTUR

**aðalréttur fyrir 10-12 manns**

**Tíu kjúklingabringur eru steiktar á pönnu og kryddaðar með kjúklingakryddi frá Pottagöldrum.**

**Grænmeti**
**1 knippi niðurskorið spergilkál, um 200 g**
**7 meðalstórar gulrætur, niðurskornar (eða 1 sæt kartafla, skorin í bita)**
**250 g Flúðasveppir, niðursneiddir**
**1 fennika, niðursneidd**
**1 rauð paprika**
**50 g engiferrót, rifin eða smátt skorin**

**Ef tíminn er nægur er allt grænmetið mýkt á pönnu, annars sett beint í pott. Steiktum og niðurskornum kjúklingabringunum bætt út í pottinn. Síðan er eftirfarandi bætt í pottinn eftir smekk:**

**2 dósir kókosmjólk, 400 ml hvor**
**2 stórir kjúklingateningar**
**250-300 g hnetusmjör (hálf stór krukka)**
**170 g mangó chutney (hálf krukka)**
**740 ml Sweet Chilli sósa (Thai Pride, 1 flaska)**

**Allt hitað í potti að suðumarki og látið krauma við hægan hita í um 20 mín. Má einnig setja í stóra skál og hita í örbylgjuofni þar til allt er soðið. Borið fram með Basmati hrísgrjónum, salati eða niðurskornum eplum og snittubrauði ef vill.**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

20. APRÍL 2012

# Lífið

NÝ FATALÍNA HÖRPU EINARS

RAGNHILDUR AFREKSKONA Í GOLFI

GLÆSILEIKI Á VIÐBURÐUM VIKUNNAR



# HANNAR UM HEIM ALLAN

GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR ARKITEKT UM SKÖPUNARVERKIN, SIGRANA OG LÍFIÐ Í HOLLYWOOD.

FRÉTTABLAÐIÐ

## HVERJIR VORU HVAR?

Árshátíð N1 fór fram síðastliðna helgi og er óhætt að segja að glæsileiki hafi einkennt þá hátíð. **Björn Bragi** sá um að halda uppi fjörinu, **Björgvin Halldórsson** var leynigestur, Sverrir Bergmann sá um sönginn og svo mætti enginn annar en **Páll Óskar** óvænt og tróð upp.





Í gestahópnum mátti sjá Hermann Guðmundsson forstjóra, Katrínu Guðjónsdóttur markaðsstjóra, Ingunni Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs, **Jón Gunnar Geirdal** ásamt kærustunni Fjólu Katrínu Steinsdóttur og fleira frábært fólk.







Lífið

UMSJÓN

**Ellý Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Edward Duarte

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

# HARPA EINARS OG NTC FRUMSÝNA NÝJA LÍNU

Það er óhætt að segja að Harpa Einarsdóttir fatahönnuður sýni á sér nýja hlið með einstaklega skemmtilegri fatalínu sem hún hefur nú hannað í samstarfi við tískurisann NTC en línan var frumsýnd í vikunni.



Harpa Einarsdóttir hönnuður

Harpa segist afar ánægð með samstarfið en að það hafi á sama tíma verið krefjandi fyrir sig. „Ég þurfti að temja mér öðruvísi hugsun og einfaldari hönnun en ég er vön og vera þolinmóð þar sem framleiðslan tók sinn tíma. Ég skissaði mikið í byrjun og svo völdum við það sem hentaði best í sameiningu. Það var óneitanlega góð tilfinning að sjá línuna í heild sinni í verslunum NTC,“ segir Harpa.

Línan var mynduð af Helga Ómarssyni ljósmyndara en það var engin önnur en fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir, fyrirsæta hjá Eskimo models, sem sat fyrir.

NTC segist afar ánægt með verkefnið og segist stefna á að halda þeirri stefnu áfram að fá unga íslenska hönnuði til liðs við sig.











Eskimo fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir sýnir nýju línuna.



Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

**Hefst 14. maí**

**Kynningarfundur 10. maí**

**Allir velkomnir**

*Að námskeiðinu standa m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, næringarfræðingur, íþróttafræðingar og sálfræðingar.*

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is

## NÝTT PAR



Tónlistarmaðurinn og sjónvarpsstjarnan **Sverrir Bergmann Magnússon** og athafnakonan **Marín Manda Magnúsdóttir,** sem bjó lengi vel í Kaupmannahöfn í Danmörku þar sem hún hannaði og rak verslun, eru nýtt par. Þau hafa vakið athygli hvar sem þau koma enda glæsileg bæði tvö.

Eftir að Sverrir byrjaði að taka lögin í útvarpsþættinum FM95BLÖ á föstudögum hefur hann verið iðinn við að koma fram meðal annars á Dönsku kránni og árshátíðum sem trúbador. Þá er einnig væntanleg ný plata frá kappanum innan tíðar.

## SVANA ALMANNATENGILL TIL WOW AIR

**Svana Friðriksdóttir** sem hefur starfað sem sjálfstæður almannatengill undanfarin þrjú ár hefur tekið við stöðu upplýsingafulltrúa Wow Air. Svana, sem er með meistaragráðu í almannatengslum og -samskiptum frá Westminster-háskóla í London, starfaði áður hjá Kaupþingi og BIA – Bio Industry Association í London. Hún sá meðal annars um Ímark hátíðina og lúðurinn, Hönnunarsjóðinn Auroru, vinsælu snyrtivörurnar Skin Doctor og fjöldann allan af viðburðum.





A WORLD OF INSPIRATION – the PIER – FOR YOUR HOME

# GLEÐILEGT SUMAR

## í The Pier!



**Haag fjölskyldusófinn**

Fæst í fleiri litum og útfærslum!

Tilboðsverð frá **199.900.-**



Fiðrildi 6290.-
Veggskraut 70 cm



Polirattan borð sporöskjulaga
**59.900.-**

POLIR AÐ VERA ÚTI Í ALLT AÐ -15° GRÁÐUM

**Falleg Polirattansett**

sem þola að vera úti í allt að -15 gráðum!

Eigum einnig sófasett úr Polirattan.

Polirattan stóll með örmum
**16.900.-**



Blómapottar frá 690.-



Kertastjakar 690.-



Mósaíkborð **23.900.-**

Sessur 3490.-

Stóll
**9990.-**

**Tilboð**

Mósaíkborð
Verð 23.900.-

Stólar
Verð frá 9990.-

Margar gerðir!



Sessur sem hrinda frá sér frá 1490.-



Luktir 2990.-



12.900.-



9590.-

Styttur sem þola að vera úti!
60 cm háar



Borðrenningar 5490.-

Finndu okkur á Facebook!

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Marta Jónsdóttir.

MYNDIR/ELLÝ OG KOLBRÚN

Hótel Reykjavík Marina

# GLÆSILEGIR GESTIR

**Það var mikið um gleði síðasta dag vetrar í Reykjavík. Lífið leit við á opnun nýs hótels, Icelandair Hótel Reykjavík Marina, við gamla Slippinn í Reykjavíkurhöfn í vikunni.**


## DAY BIRGER ET MIKKELSEN KYNNIR:



BUXUR
24.990
DAY
Kringlunni




BOLUR
10.990
DAY
Kringlunni




Marta María Jónasdóttir og Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir.



Hera Harðar, Heba Hallgrímsdóttir og Ragga Boga.



Freyr Frostason og Sóley Kristjánsdóttir.



Siggi Hall og Helgi Björns.



Gunnlaugur Þráinsson og Erla Margrét Haraldsdóttir.



Klara Arndal, Rósa Björk og Þórunn Marínós.


Kraftmesta ofurfæði jarðar

Fáðu heilsuna og orkuna upp!

**Ultimate Greens:**

**Spirulina** pakkað af næringaefnum sem gefa mikla orku.

**Barley Grass** kemur á réttu pH gildi og gerir líkamann basískan.

**Chlorella** hreinsar líkamann af auka- og eiturefnum, þungmálmum og geislunum.




lifestream™
lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar

*Fæst í Lifandi Markaður, Lyfjaver, Yggdrasil.*
*www.celsus.is*


› Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid




# TYGGÐU EXTRA
## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# ÁSTRÍÐUFULLUR ARKITEKT Í BORG EN



**Arkitektinn Guðlaug Jónsdóttir, betur þekkt sem Gulla, hefur búið í Los Angeles í rúmlega tuttugu ár þar sem hún sinnir ástríðu sinni sem er að hanna og skapa. Hún er staðráðin í að láta drauma sína rætast en þeir eru að byggja skýjakljúf, kirkju og risastórt listasafn.**

**GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR**
oftast kölluð Gulla.
**ALDUR:** 39 ára næstu 5 árin. ;-)
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Einhleyp og sennilega gift vinnunni.
**TITILL:** Yfirhönnuður og eigandi að minni arkitektastofu sem heitir G+ Gulla Jonsdottir Design.
**NÁM:** Menntaskólinn í Reykjavík og SCI ARC (Southern California Institute of Architecture) í Los Angeles, Kaliforníu.
**MAKI:** Finn hann ekki...

**Hvað hefur þú búið lengi í Los Angeles og af hverju í ósköpunum fluttir þú þangað?**
Ég hætti að telja eftir fimmtán ár en ég er búin að vera hér í rúmlega tuttugu ár. Ég flutti hingað til þess að læra arkitektúr við vel virtan skóla sem heitir SCI-Arc. Núna bý ég í Vestur-Hollywood sem er að vissu leyti hjarta borgarinnar því það er mitt á milli Beverly Hills og Hollywood. Hverfið er skemmtilegt og hér eru margir af bestu veitingastöðunum og verslununum. Ég féll fyrir byggingunni sem ég bý í, sem er frönsk í útliti og karakter og mjög sjarmerandi.

**Hvenær og af hverju ákvaðst þú að læra arkitektúr?** Eftir MR var ég ekki alveg ákveðin og var jafnvel að spá í að fara í læknisfræði. En arkitektúr var í rauninni mitt áhugamál svo ég ákvað að vinna hjá húsameistara ríkisins í smá tíma og athuga hvort þetta væri virkilega það sem ég vildi. Ég var líka smituð af arkitektúr og listum frá því að vera krakki á Ítalíu, sérstaklega í Flórens og afi minn var listamaður og ég sat með honum oft og teiknaði þannig að hönnun er í rauninni bara partur af mér.

**Saknar þú Íslands?** Já, ég sakna alltaf Íslands og þá sérstaklega fjölskyldunnar, vina og náttúrunnar. Annars hef ég komið nokkuð oft heim undanfarið því móðir mín hefur verið veik en er nú á batavegi sem betur fer. Ég reyni að nota tækifærið og skreppa í Bláa lónið á leiðinni út á flugvöll þar sem líður úr mér öll streita áður en ég fer í flug. Núna síðast fór ég á Þingvelli, Gullfoss og Geysi og var enn á ný alveg heilluð af hversu kraftmikil náttúran er á Íslandi.

Ég var líka mjög hrifin af matnum eftir að hafa farið á nokkra veitingastaði í Reykjavík. Maturinn er frábær og framúrstefnulegur finnst mér. Svo er það vatnið og tæra loftið sem er alveg einstakt á Íslandi. Mér líður alltaf vel á Íslandi og vil helst alltaf vera lengur þegar ég kem heim.

**Hver er munurinn á Kaliforníu og Íslandi þegar kemur að því að starfa sem arkitekt?** Ég held það sé aðallega hitastigið og einangrun fyrir byggingar, annars getur arkitektúr verið eins hvar sem er í heiminum.

**Nú hannaðir þú sviðsmynd RFF (Reykjavík Fashion Festival) á Íslandi í ár – hvernig kom það til?** Ég hef áhuga á tísku og á mikið af vinum í tískuiðnaðinum. Edda Guðmundsdóttir, stílisti í New York, kom þeirri hugmynd af stað með RFF að ég myndi hanna sviðið. Mér finnst gaman að styrkja íslenska hönnun og er mjög stolt af því að vera með RFF. Sýningin og allt í kringum hana var að öllu leyti mjög vel staðið að og margt til lagt. Ég get ekki annað sagt en að ég var mjög stolt af þeim stelpum sem tóku þátt í þessu og þá sérstaklega Sæju og Sirrý sem voru mér innan handar og sáu um að búa til sviðið sem var allt handgert úr íslenskum lopa. Tónlistin var frábær á öllum sýningunum og líka sérstaklega gaman að fá að hafa sýninguna í Hörpunni. Það kom þangað mikið af fólki sem hafði virkilegan áhuga á því að styrkja hönnun sem er mikilvægt fyrir þjóðfélagið.

**Ef við horfum fram á við. Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Umvafin fjölskyldu og vinum að mála málverk í húsinu mínu með vínakrinum á Ítalíu, nýbúin að byggja minn fyrsta skýjakljúf og loksins komin með einn sumarbústað einhvers staðar uppi í hrauni á Íslandi.

**Ertu ástfangin?** Nei. Ekki eins og er.

**Langar þig að verða mamma einhvern daginn?** Já.

**En ertu tilbúin að hleypa manni inn í líf þitt og hvaða kosti þarf hann að bera?** Já, loksins er ég tilbúin. Hann má hafa fullt af góðum kostum en hann má bara ekki hafa galla. Þetta er sagt í gríni að sjálf-


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir


## GULLA SPURÐ UM HOLLYWOOD STJÖRNURNAR




**Leonardo DiCaprio**
...hann býr beint á móti mér í New York.

**Michael Douglas**
...hitti hann á veitingastað fyrir mörgum árum.

**Sylvester Stallone**
...fór í boð heim til hans í Malibu.



**Arnold Schwarzenegger**
...hann fer á sömu hárgreiðslustofu og ég og ég hitti hann oft þar.



**Mickey Rourke**
...hann er vinur vina minna.



**Paris Hilton**
...hitti hana á opnun á stað sem ég hannaði.



**Mila Kunis**
...hitti hana í boði heima hjá vinkonu minni.



**Cindy Crawford**
...hannaði bar fyrir manninn hennar og bróður hans í New York.

**Ashton Kutcher**
...hannaði veitingastað fyrir Ashton fyrir mörgum árum sem hét Dolce.



**Jack Nicholson**
...hitti hann á veitingastað.

**James Franco**
...hannaði bar fyrir hann sem heitir Writer's Room.



**Richard Gere**
...mér var boðið á listsýningu sem hann var með.

# GLANNA



MYND/EDWARD DUARTE

sögðu. Snýst þetta ekki allt um „chemistry“ og að tengjast annarri manneskju og það er ekki auðvelt að finna.

**Áttu þér uppáhalds hönnuði?** Já, ég er sérstaklega hrifin af arkitektunum Santiago Callatrava, Zaha Hadid, Tadao Ando, Oscar Niemeyer, Herzog de Meuron og listamanninum Richard Serra.

**Draumaverkefni þitt?** Stórt listasafn, kirkja og skýjakljúfur.

**Að hverju ertu að vinna þessa dagana?** Ég er með fimmtán verkefni í gangi. Bæði arkitektúr og innanhússhönnun og ég er að koma af stað húsgagnalínu. Ég er með verkefni sem er einbýlishús í Malibu. Þar er ég að sérhanna öll húsgögn fyrir allt húsið sem kúnninn byggði utan um listasafnið sitt. Þetta gefur mér tækifæri til að láta búa til frumgerðir af húsgagnalínunni minni sem kemur út eftir tvo mánuði.

**Hver er hápunktur ferils þíns?** Hann er alls ekki kominn enn þá. Ég er rétt að byrja.

**Eitthvað sem þú vilt bæta við?** Takk.

Framhald á síðu 8

## LÍFSSTÍLLINN

**Áhugamál:** Lífið, arkitektúr, listir, tónlist, að spila á píanó, mála málverk, læra tungumál, ferðalög, fara á ströndina, vera í náttúrunni og góður matur með góðum vinum.

**Lífsmottó:** Að njóta lífsins og fylgja hjartanu.

**Líkamsræktin:** Jóga og ég er að fá mér einkaþjálfara í næstu viku.

**Tímaritið:** Wallpaper.

**Sjónvarpsþátturinn:** Ég horfi lítið á sjónvarp.

**Fataverslun:** Barney´s í LA, Colette í París og Dolce og Gabbana i New York.

**Fleira fólk í Hollywood sem Gulla hefur rekist á í verslunum og á veitingahúsum:**

Oprah Winfrey
Jennifer Aniston
Gisele Bundchen
Brooke Shields
Colin Farrell
Matthew McConaughey
Elton John
Mick Jagger
Drew Barrymore
Gilles Marini
Justin Timberlake og Jessica Biel

Þegar Óskarinn var í febrúar fór ég nokkrum sinnum út að borða á Chateau Marmont hótelinu sem er í göngufæri frá því þar sem ég bý og þar voru allir leikararnir úr kvikmyndunum.



Ég var meðal annars kynnt fyrir **Kirsten Dunst, Sean Penn og Robert De Niro** á Cannes Film festival í fyrra.



**Brad Pitt** og **Angelina** voru oft með bókað herbergi á „penthouse svítunni“ sem ég hannaði á Roosevelt hótelinu. Þau mæta eftir klukkan fjögur á daginn og panta vodka og kavíar. Ætli það sé ekki þeirra „escape“.






Gulla, sem rekur eigin arkitektastofu í Los Angeles, hefur í nægu að snúast.
MYND/EDWARD DUARTE

## VERKEFNI GULLU

**Nú hefur þú tekið að þér risastór verkefni sem arkitekt. Viltu segja okkur hvaða verkefni það eru?**

**Tvær byggingar í Beirút:** Þær eru báðar á ströndinni og eru hlið við hlið. Önnur þeirra er hönnuð eins og hvít eyðimerkurrós en hún er í mínum huga tákn friðar í Miðausturlöndum. Innblásturinn við hina bygginguna eru svartar skeljar sem mynda einn stóran væng sem umlykur glerbygginguna.

**Centerpoint:** Þetta er bygging úr geómetrískum formum úr hvítri steypu, sennilega komin aftur úr huganum frá Pýþagórasreglunni í MR.

**Chinese theater** (kínverska kvikmyndaleikhúsið á Hollywood Blvd.)**:** Virðing við gamla sögufræga bygginu og að gera hana aftur eins og hún var árið 1929 með nokkrum nýjum hugmyndum og ívafi.

**Hyde Las Vegas, LA og Miami:** Þetta eru elegant „lounge"-barir í eigu SBE keðjunnar.

Hyde Las Vegas er inni á Bellagio hótelinu í Las Vegas og hönnuð eins og glæsileg íbúð í Róm með Tuscan garði sem horfir yfir stórt vatn og vatnasýningin á Bellagio er engu lík.

Hyde í Los Angeles er lítill staður hannaður eins og skartgripabox úr ljósum leðurpanelum.

Hyde Miami er við höfnina þar og er rétt að byrja að byggja það núna. Hugmyndin þar er eins og stórt fiðrildi, bæði þegar gengið er upp stigann inni í miðjum fiðrildisvængjum og líka í öllu munstri á barnum og í gólfinu.

**Hotel La Jolla:** Það er við ströndina í La Jolla sem er rétt hjá San Diego í Kaliforníu. Hótelið hannaði ég mest allt hvítt og úr ljósum við. Svo fann ég eitt laufblað á lóðinni, tók myndir af því og úr æðakerfi laufblaðsins hannaði ég stór handútskorin spjöld úr viði sem aðskilja rými í lobbýinu og á veitingastaðnum.

**Hotel Philadelphia:** Veitingastaður og bar uppi á þaki. Aðalhugmyndin byggist á stórum vængjum.

**Tulum:** Ég er að byrja á stóru hótelverkefni á ströndinni í Tulum í Mexíkó.

**Einbýlishús í Hollywood Hills:** Húsið mun verða nokkuð sérstakt og allt úr náttúrulegum efnum.

**Paolo bongia:** Skartgripaverslun á Rodeo drive.

**Heilsuhótel i Dessert hot springs:** Þetta hótel og heilsulind situr á San Andreas sprungunni og sjóðheitt vatn kemur upp úr miðju jarðar og er talið heilsusamlegt að baða sig í. Þetta hótel mun verða byggt a mjög grænni og náttúrulegri hönnun.

**Red O:** Veitingastaður í Los Angeles sem ég fékk verðlaun fyrir; „best design of the year" 2010 frá Esquire tímaritinu. Byggingin er hönnuð eins og innpökkuð gjöf í stálborða og táknar gjöf frá Mexíkó til Los Angeles. Innandyra á fólki að líða eins og það hafi farið í frí til Mexíkó yfir daginn með efnum eins og hvítum litlum steinum sem mynda gólfið sem minnir fólk á hvítan sand á ströndinni, stóru færanlegu glerþaki til að horfa á stjörnurnar yfir kvöldmatnum og fallegur hnotuviður myndar veggi og smáatriði í gólfinu. Ég bjó áður í Mexíkó í eitt og hálft ár og þetta verkefni er mér mjög kært þess vegna.

**Double Seven:** Mjög vinsæll bar í New York. Hannað með gráum rúskinnsveggjum sem bylgjast inn og út og það er gler skúlptúr á einum vegg. Mick Jagger hélt þarna opnunarpartí fyrir nýju plötuna sína.

**Roxbury:** Aðalinngangurinn eru tvær 6 metra háar skúlptúrdyr byggðar úr stáli. Innandyra eru útskorin ljóð út um allt. Ég er að reyna að búa til kúltúr úr skemmtanalífinu fyrir 21 árs liðið með kvótum frá Shakespeare, Edgar Allan Poe og fleirum. Ég fékk verðlaun fyrir Roxbury árið 2011.

**Palmilla:** Veitingastaður í Hermosa Beach. Allt handgert, hver einasti steinn handlagður í hringi sem myndar veggi og gólf.


www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 6.200 krónur eða meira, dagana 17. – 24. apríl í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Selfossi



**Gjöfin inniheldur:**
Splash Away Cleanser– andlitshreinsi, 30ml
Idealist – sermi sem jafnar út litamisfellur, 7ml
Advance Night Repair Eye – augnkrem, 5ml
Sumtuous Mascara – svartan maskara
Fresh Balancing Exfoliator – kornakrem, 30ml
Daywear – háþróað andlitkrem, 15ml
Pure Color Lipstick – varalit, fulla stærð, lit Candy shimmer
Sumarlega snyrtistösku

Verðgildi gjafarinnar er ca. 24.740.-
*meðan birgðir endast.

LYFJA
- Lífið heil


## DAGUR Í LÍFI GULLU



**7.30** Ég vakna og byrja strax ad hugsa og hanna eitthvað i huganum og vil helst vera komin strax í vinnuna en ég er smá löt að koma mér fram úr og finnst hálf pirrandi að ég þurfi að greiða á mér hárið og þess háttar því ég er komin á flug í hausnum. En ég dríf mig fram úr, fer í sturtu, set á mig maskara, fer í háu hælana og hleyp út.

**08.30** Ég stoppa við á uppáhaldskaffihúsinu mínu og tek með mér þaðan ítalskt cappucino með möndlumjólk og eggjahvítu og spínatsamloku. Þarna situr fólkið úti í sólinni og svei mér þá, ég held ég sitji þarna allan daginn. Kannski eru þetta leikarar að bíða eftir rétta hlutverkinu!

**09.45** Það tekur mig ekki nema tíu mínútur að keyra í vinnuna sem er óvenjulegt fyrir Los Angeles, en mjög þægilegt. Stelpurnar sem vinna fyrir mig tínast inn um klukkan 10.00 en við byrjum frekar seint í þessari rólegheitaborg englanna.

**10.15** Fyrsta símtal dagsins er frá nýjum kúnna en ég tók nýlega að mér að hanna einbýlishús í Hollywood-hæðum fyrir frægan söngvara og konan hans hringir oft. Þetta er fyrsta einbýlishúsið sem ég geri þannig að það verður áhugavert að sjá hvernig þetta fer. Núna vill hún sérstakt vatnskerfi til að drekka og baða sig úr. Ég segi henni að sjálfsögðu ekkert mál og við munum nota sólar-panela og hurðir sem opnast niður í gólf þannig að allt húsið er opið út í garð þar sem hægt er að horfa yfir sundlaugina og yfir alla borgina þar sem þetta hús stendur næst fjallinu sem er norðan megin í borginni.

**10.45** Næst er símafundur með hótelinu í La Jolla sem er að opna í sumar. Þeir eru að panta öll efnin og húsgögnin og eru að athuga hvort allt sé í lagi.

Næst tékka ég á tölvupóstum og funda með starfsfólkinu og við förum yfir verkefnin.

**11.30** Fundur á kínverska kvikmyndaleikhúsinu. Ég keyri til Hollywood og finn loksins bílastæði á götunni því mér finnst bílageymslur ekkert sjarmerandi. Ég kemst loksins í gegnum skarann af túristum fyrir utan húsið sem eru að taka myndir af hand- og fótförum Marilyn Monroe og fleiri.
Ég heilsa dyraverðinum sem brosir blítt, stel mér smá poppi í afgreiðslunni og fer á fund. Þetta hús er sögulegt hús en Historic Society þarf að samþykkja allt sem við gerum. Núna kemur það í ljós að þeir vilja ekki leyfa okkur að setja miðasöluna í miðjuna eins og hún var í byrjun ársins 1929 þegar húsið opnaði þannig að við finnum annan stað en hönnun á henni inniheldur stóran kínverskan abstrakt dreka úr stáli sem tengist húsinu vel að mér finnst.

**13.00** Næst keyri ég á annan stað sem er í byggingu rétt hjá sem er 20.000 ferfeta veitinga- og skemmtistaður í Hollywood sem heitir Lure. Þeir eru að opna eftir mánuð og engin af þeim 110 ljósakrónum sem þeir pöntuðu eru komnar frá Þýskalandi. Jæja, þær hljóta að koma rétt fyrir opnun! Það er búið að byggja stóra vegginn sem snýr að götunni. Ég samþykki það sem og sýnishorn af húsgögnum sem verið er að smíða. Arininn er ekki alveg nógu góður en annars lítur þetta vel út.

**14.00** Er orðin of sein á fund á Rodeo Drive og bruna þangað. Hringi í mömmu á leiðinni til að vita hvernig hún hefur það. Við spjöllum um daginn og veginn og hún er í lagi og ég get andað rólegar.

Á Rodeo Drive, sem er dýrasta verslunargatan í Beverly Hills, er verið að byggja litla skartgripaverslun og ég hannaði hana mjög einfalda úr aðeins tveimur efnum.

Ókei, nú get ég farið aftur á skrifstofuna þar sem bíður eftir mér nýr kúnni sem ég hef aldrei hitt áður. Ég hringi á undan mér og bið stelpurnar að bjóða honum upp á kaffi því ég er 10 mínútum of sein. Þetta verkefni hljómar vel og við sjáum hvað gerist.

Núna get ég loksins byrjað að teikna í tölvunni, skissa, og þar líður mér best þó svo það sé alltaf gaman að vera á staðnum sem verið er að byggja.

**15.00** Klukkan er orðin þrjú og ég fatta það að ég gleymdi að borða hádegismat svo ég panta mér tælenskan grænmetisrétt sem er sendur til mín.

**19.00** Ég vinn til klukkan sjö og fer þá í „gymmið". Ég er meðlimur í sportklúbbi sem heitir Equinox og er staðsettur á Sunset Plaza. Ég æfi aðeins og fer svo í góða gufu og slaka virkilega vel á.

**20.30** Fer síðan út að borða með góðum vinum. Hitti vinkonu mína á nýjum áströlskum stað og við fáum okkur góðan fisk og við hlæjum og hlæjum og gleymum stað og stund eða kannski frekar að við njótum staðarins og stundarinnar.

**23.30** Komin heim fyrir miðnætti og pakka nokkrum flíkum niður í tösku því ég er að fara til New York klukkan 08.00 næsta morgun.

AUGLÝSING: EYESLAND KYNNIR



Vörurnar koma aðallega frá Bandaríkjunum og Asíu þó eitthvað sé um vörur frá Evrópu líka.




Helga fer óhefðbundnar leiðir í vöruvali sem gerir henni kleift að bjóða verð sem viðskiptavinir kunna að meta.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# GLERAUGU Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI

**Í Gleraugnaversluninni Eyesland á fimmtu hæð í Glæsibæ er að finna mikið úrval af gleraugum, linsum og sjóntækjum á mun viðráðanlegra verði en almennt þekkist.**

„Það vita fáir af þessari verslun hér á fimmtu hæð í Glæsibæ en við höfum verið að störfum í eitt og hálft ár," segir sjóntækjafræðingurinn Helga Kristjánsdóttir „Við förum óhefðbundnar leiðir í vöruvali og leitum mikið til Bandaríkjanna og Asíu þó eitthvað sé um vörur frá Evrópu líka. Þannig náum við að halda verðinu niðri og eru dæmi um að fólk gangi út með þrenn gleraugu á verði einna," segir Helga. Hún segir viðtökurnar hafa verið framar vonum enda getur fólk leyft sér að kaupa fleiri týpur og jafnvel átt til skiptanna. „Hingað kemur mikið af ungu fólki enda hægt að fá fín gleraugu á tólf til fjórtán þúsund og þá er jafnvel hægt að skipta í takt við ríkjandi tískustrauma," segir Helga. Hún segir úrvalið ríkulegt og eru um átta hundruð umgjarðir á boðstólum.

Helga hefur starfað sem sjóntækjafræðingur í bráðum tvo áratugi en langaði að leita leiða til að bjóða alhliða þjónustu á viðráðanlegu verði. „Það er mjög ánægjulegt að sjá fólk sem hefði öllu jafna keypt sér ein göngugleraugu fara út með margskipt göngugleraugu, margskipt sólgleraugu og jafnvel margskipt tölvugleraugu á sama verði."

Helga segir tölvugleraugun sækja í sig veðrið enda sífellt fleiri sem sitja við tölvu daglangt. „Fólk sem er komið yfir fertugt þarf oft stækkun við tölvuna en styrkurinn er ekki endilega sá sami og á lesgleraugum. Þá er hægt að fá væga skiptingu þannig að notandinn geti horft afslappað á tölvuskjáinn en engu að síður skoðað eitthvað mjög smátt eða þrætt nál svo dæmi séu nefnd. Helga segir einnig hægt að fá sólgleraugu og ýmiss konar íþróttagleraugu með styrk án þess að það teljist til munaðar. Í versluninni er einnig að finna gott úrval af linsum en Helga hefur sérhæft sig í linsum fyrir fólk með óvenjulega sjón. „Þetta getur verið fólk með háan styrk, mikla sjónskekkju og óreglulegar hornhimnur. Þá er hægt að fá margskiptar linsur sem gagnast þeim sem þurfa lesgleraugu með linsum.

Logo verslunarinnar, sem er staðsett á sömu hæð og augnlæknastofan Sjónlag, er skemmtilegt og minnir á stafaspjald augnlækna. Helga hefur verið spurð að því hvort verslunin heiti Yesland og svarar því yfirleitt á þá leið að Eyesland sé jákvæða gleraugnaverslunin í Glæsibæ.

E
YES
LAND

Sjá nánar á visir.is/lifid



Umgjarðirnar eru allt frá því að vera hlutlausar upp í stórar og áberandi.



Verðin eru viðráðanleg og því jafnvel hægt að eiga gleraugu til skiptanna eða skipta í takt við tískuna.



Úrvalið er ríkulegt en um 800 umgjarðir eru á boðstólum.



Hægt er að fá sólgleraugu og ýmiss konar íþróttagleraugu með styrk.



Það munar um að geta átt gleraugu með réttum styrk til að nota við ólík tilefni.

HEILSA



# EKKI HÆGT AÐ FÁ LEIÐ Á GOLFI

**RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR**
ALDUR? 41 árs.
HJÚSKAPARSTAÐA? Í sambúð með Jóni Andra Finnssyni.
BÖRN? Dætur mínar og Þorvarðar Friðbjörnssonar: Hildur Kristín Þorvarðardóttir, fædd 1992 og Lilja Þorvarðardóttir, fædd 1994.
Fósturdæturnar eru tvær: Sara Sif Jónsdóttir, fædd 2001, og Alexandra Bía Sumarliðadóttir, fædd 1995.
STARF? Golfkennari á Íslandi og á Spáni á vorin og á haustin.


## BOBBI BROWN KYNNIR:

Auðveld leið til að fá heilbrigt og frísklegt útlit. Kinnalitirnir eru auðveldir í notkun og hannaðir bæði fyrir varir og kinnar.

Áferðin er eðlileg og frískleg. Fáanlegir í 10 fallegum litum.




**Hvenær byrjaðir þú að stunda golf?** Síðsumars 1983.

**Hvað er það við golfið sem heillaði þig?** Golf er íþrótt fyrir alla, þar sem unglingar geta leikið sér með afa og ömmu. Lítil börn geta keppt á jafnréttisgrundvelli við stóra og stæðilega íþróttagarpa.

Svo er það útiveran og heilsusamleg samskipti við skemmtilegt fólk eru upplífgandi sem og glíman við innri öflin, en mótlætið og baráttan við innri drauga á golfvellinum er mannbætandi þroskaferli.

**Hvaða stendur upp úr á golfferlinum og hvaða titill er þér kærastur?** Íslandsmeistaratitillinn í kvennaflokki á landsmóti á Akureyri 1985 er mér kærastur. Þá var ég nýorðin 15 ára stelpuskott og gerði mér enga grein fyrir alvarleika málsins fyrr en árið eftir þegar ég átti að verja titilinn. Einnig er mér afar kær titillinn Íþróttamaður Reykjavíkur frá árinu 2005.

Það sem stendur upp úr í golfinu hjá mér eru kynnin við allt það yndislega fólk sem ég hef fengið að eyða tímanum með á golfvöllum víðsvegar um heiminn.

**Hver var staða kvenna í golfi á Íslandi þegar þú byrjaðir?** Þegar ég var að byrja að spila golf haustið 1983 voru ekki margar stelpur í golfi. Ég var sú eina í klúbbnum sem æfði og spilaði að staðaldri. Ég spilaði við strákana og svo bara með hverjum sem var. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og nú er fjöldinn allur af flinkum stelpum að æfa golf um allt land. Forgjöf kvenna hefur lækkað umtalsvert og talsvert stór hópur er með nálægt 0 í forgjöf.



**Er fjölskyldan með þér í sportinu?** Sambýlismaður minn, Jón Andri Finnsson er hörkukylfingur með rúmlega 6 í forgjöf, sem og dóttir mín Hildur Kristín sem er með aðeins lægri forgjöf en Jón Andri, hörð keppni þar. Lilja æfði golf sem barn og er með mjúka og kraftmikla sveiflu, kannski byrjar hún aftur einn góðan veðurdag, svo eru Sara og Alexandra að byrja.

**Uppáhalds golfvöllurinn?** Grafarholtið verður alltaf í uppáhaldi hjá mér enda vaggan mín. Montecastillo í Andalúsíu er stór og mikill völlur hannaður af meistara Jack Nicklaus og sá skemmtilegasti ásamt Grafarholtinu mínu góða.

**Hefurðu aldrei fengið leið á golfi eða tekið þér frí frá því?** Það er ekki hægt að fá leið á golfi, stundum er ég spurð hvort þetta sé alltaf jafn skemmtilegt. Svarið sem fólk fær er alltaf það sama: „Nei! Það verður skemmtilegra með hverju árinu sem líður.“

Ég er oft spurð að því hvort ég sé hætt að keppa, það er heldur ekki hægt því í golfi er maður í stanslausri keppni við sjálfan sig. Þegar ég er að keppa á stórum mótum finnst mér afskaplega gott að ímynda mér að ég sé eini keppandinn og fer svo í keppni við sjálfa mig. Ég hef hvort eð er enga stjórn á því hvað keppinautar mínir eru að bardúsa.

**Hefur þú pláss fyrir önnur áhugamál en golfið?** Ég á hesta sem ég hef ekki haft tíma til að sinna mjög lengi. Hestarnir eru yndislegar skepnur og tengjast mjög öðru áhugamáli sem ég hef og það er að mála. Ég hef verið að dunda mér við að mála með olíu og þá aðallega hestamyndir.

**Hverjar eru þínar fyrirmyndir?** Stærstu fyrirmyndirnar í lífi mínu eru foreldrar mínir, Halldóra Einarsdóttir og Sigurður Sigurðarson. Þau umvöfðu mig ást og kærleika og voru til staðar alltaf þegar ég þurfti á þeim að halda.

Þau sáu til þess að við systkinin fengjum öll þau tækifæri í lífinu sem hugsast gátu. Þeim er ég óendanlega þakklát og óska þess oft fyrir hönd barna minna að ég hefði erft meira af þolinmæðinni hennar móður minnar.

> **Það sem stendur upp úr í golfinu hjá mér eru kynnin við allt það yndislega fólk.**




# MIKLU MEIRI HOLLUSTA

*Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn*
*á bragðgóðum og hollari morgunverði.*

50% heilkorna

Færri kalóríur

Mikilvæg
næringarefni

41% minna af sykri
en í sambærilegum
heilsukornflögum




Græna Skráargatið
hjálpar þér að velja
hollasta kostinn

Meira af trefjum

Í græna Skráargatinu er lykillinn að hollara mataræði. Merkið var fyrst tekið upp í Svíþjóð árið 1989 og hefur síðan öðlast sess sem norræna hollustumerkið, nú síðast á Íslandi. Vörur merktar Skráargatinu uppfylla strangar kröfur um hollustu. Þess vegna er Fitness merkt með Skráargatinu.

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 59285 04.2012

# Lífið

## FLJÚGANDI FJÖLMIÐLAKONA

Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir, einn af umsjónarmönnum Íslands í dag á Stöð 2, hefur setið sveitt við prófalestur fyrir bóklegt einkaflugmannspróf í flugklúbbnum Geirfugli undanfarnar vikur samhliða sjónvarpsstarfinu. Námið felst í vélfræði, eðlisfræði og hinum ýmsu fögum sem eru gjörólík fjölmiðlastarfinu.

## TILBOÐ GILDIR AÐEINS HELGINA 20.-22. APRÍL 2012





ACTIC
LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt, spinning og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| 21 JUMP STREET | 5.45, 8, 10.20 |
| MIRROR MIRROR | 4 |
| BATTLESHIP | 7, 10 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| LORAX 2D ISL TAL | 4 |
| LORAX 3D ISL TAL | 4 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CABIN IN THE WOODS VIP | KL. 3 - 8 | 2D | VIP |
| BATTLESHIP | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| BATTLESHIP VIP | KL. 5:20 - 10:10 | 2D | VIP |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| AMERICAN PIE | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 3:40 | 2D | L |
| DÝRAFJÖR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 3D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE CABIN IN THE WOODS | KL. 6 - 10:10 | 2D | 16 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 8 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| GONE | KL. 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 | 2D | 16 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 3D | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| LORAX M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 3D | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5:50 - 10 | 2D | 16 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 21 JUMP STREET LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| BATTLESHIP | KL. 5.15 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.15 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.20 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON SKY | KL. 5.45 - 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.50 - 8 | 12 |




**PRÚÐBÚIN** Halldór Örn Jónsson, Edda Sif Pálsdóttir og Gunnar Skúlason létu sjá sig og spöruðu hvorki brosin né sparifötin. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Útivistarpartí í Smáralind

**Zo-On opnaði nýja verslun með alls kyns útivistarfatnað og fleira í Smáralind í vikunni. Að því tilefni var slegið upp heljarinnar partí og ljósmyndari Fréttablaðsins mætti á svæðið.**



**GLEÐI** Björn Bragi ásamt aðdáanda sem vildi ólmur fá mynd af sér með heitasta piparsveini landsins.



**Í STUÐI** Aníta, Valgerður og Thelma litu við.



**HRESS** Ágústa Jónsdóttir, Lovísa Guðmundsdóttir og Guðmundur Reynisson mættu á svæðið.



**FERSK** Takið eftir þessu fallega fólki. Marín Manda Magnúsdóttir og Sverrir Bergmann léku á als oddi.







BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FÖSTUDAGUR:** THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 20:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *INDLAND: VÉLMENNI* 20:00 (LOKASÝNING) ■ CARNAGE 18:00, 20:00 ■ MARGIN CALL 18:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 22:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.






# Eiga von á barni í haust

Anna Paquin og Stephen Moyer eiga von á sínu fyrsta barni saman. Moyer á fyrir tvö börn frá fyrra hjónabandi.

Paquin og Moyer kynntust við tökur á sjónvarpsþáttunum vinsælu, True Blood, og giftu sig í Malibu árið 2010. Talsmaður þeirra hjóna staðfesti gleðifréttirnar við Entertainment Weekly og sagði Paquin eiga von á sér í haust. Tökur á fimmtu þáttaröð True Blood hefst í byrjun júní og má ætla að framleiðendur þáttanna þurfi að gera einhverjar ráðstafanir vegna óléttunnar.



**EIGA VON Á BARNI** Anna Paquin og Stephen Moyer eiga von á sínu fyrsta barni saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kát með kærastann

Lea Michele úr sjónvarpsþáttunum Glee var ánægð að sjá kærasta sinn og mótleikara, Cory Monteith, í veislu á vegum Lacoste um helgina. Monteith var hálftíma of seinn í veisluna og hafði Michele þá beðið hans í ofvæni.

„Ég var að reka augun í mjög myndarlegan og hávaxinn kanadískan mann sem stendur einn við sundlaugina. Svo hamingjusöm,“ skrifaði Michele á Twitter síðu sína þegar hún varð vör við kærasta sinn. Parið eyddi rest af deginum með leikkonunni Diane Kruger og unnusta hennar, Joshua Jackson.



**HRIFIN** Lea Michele var svo ánægð að sjá kærasta sinn um helgina að hún skrifaði um það á Twitter.



**LEITAR AÐ HAMINGJU** Jason Segel vildi lítið tjá sig um samband sitt og Michelle Williams. NORDICPHOTOS/GETTY

# Segel þögull sem gröfin

Gamanleikarinn Jason Segel hefur verið að slá sér upp með leikkonunni Michelle Williams undanfarnar vikur. Parið hefur nokkrum sinnum verið myndað á gangi í New York í fylgd með dóttur Williams.

Segel var spurður út í sambandið fyrir skemmstu og vildi hann þá lítið tjá sig um málið. „Við viljum bæði mjög gjarnan vera hamingjusöm. Það er það eina sem ég vil segja um málið að svo stöddu,“ sagði leikarinn sem var að kynna nýjustu kvikmynd sína, 5 Year Engagement, ásamt mótleikkonu sinni Emily Blunt.



**BROSMILD** Demi Moore kom fram í fyrsta sinn síðan í janúar en hún hefur verið í meðferð undanfarna mánuði. Hér er hún ásamt vinkonu sinni Amöndu de Cadenet. NORDICPHOTOS/GETTY

# Demi brosir á ný

Leikkonan Demi Moore mætti brosandi í opnunarpartí fyrir sjónvarpsþátt vinkonu sinnar, Amöndu de Cadenet, á dögunum. Moore hefur ekki látið sjá sig opinberlega síðan í janúar en hún er nýkomin úr meðferð. Fjölmiðlar vestanhafs hafa orð á því að Moore líti vel út og sé greinilega á batavegi. Skilnaðurinn við Ashton Kutcher hefur tekið á Moore sem var lögð inn í janúar eftir að hún tók of stóran skammt af verkjatöflum. Í meðferðinni fékk hún einnig hjálp við átröskun. Nú virðist Moore vera að snúa aftur. Twittersíða leikkonunnar er aftur komin í gang en Moore hefur ætíð verið mjög virkur notandi samskiptasíðunnar.




# sport

sport@frettabladid.is



**JÚLÍUS SIGURJÓNSSON** handknattleiksdómari mun ekki dæma meira á leiktíðinni. Hann var sakaður um að hafa mætt til leiks í úrslitakeppni N1-deildar kvenna angandi af áfengi. Dómaranefnd HSÍ sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem því var hafnað en engu að síður er staðfest að Júlíus hefði drukkið bjór á opinberum stað fjórtán tímum áður.

## ÚRSLIT

### *IE-deild karla:*

**UNDANÚRSLIT, 4. LEIKUR**

**Stjarnan - Grindavík 77-79 (36-48)**

**Stjarnan**: Justin Shouse 22/6 stoðsendingar Keith Cothran 21, Renato Lindmets 18/11 fráköst, Marvin Valdimarsson 8/6 fráköst, Jovan Zdravevski 3, Fannar Freyr Helgason 2/7 fráköst, Sigurjón Örn Lárusson 2, Dagur Kár Jónsson 1.
**Grindavík**: J'Nathan Bullock 26/11 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 15/13 fráköst, Þorleifur Ólafsson 10, Jóhann Árni Ólafsson 9/6 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 7/4 fráköst, Giordan Watson 6/5 fráköst/11 stoðsendingar, Ryan Pettinella 6.

*Grindavík vann einvígið, 3-1.*

### *N1-deild kvenna:*

**UNDANÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**Fram - ÍBV 27-24 (16-12)**

**Mörk Fram (skot)**: Ásta Birna Gunnarsdóttir 10 (13/1), Elísabet Gunnarsdóttir 5/3 (5/3), Stella Sigurðardóttir 4 (11/1), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3 (6), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (3), Anett Köbli 1 (3), Marthe Sördal 1 (3), Sunna Jónsdóttir 1 (4), Hekla Rún Ámundadóttir (1).
**Varin skot**: Guðrún Ósk Maríasdóttir 16/3 (40/7, 40%).
**Hraðaupphlaup**: 10 (Ásta Birna 6, Stella 1, Guðrún Þóra 1, Marthe 1, Sunna 1)
**Fiskuð víti**: 4 (Elísabet 3, Köbli 1)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Mörk ÍBV (skot)**: Ivana Mladenovic 6 (6), Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 6/4 (9/7), Marijana Trbojevic 5 (12), Guðbjörg Guðmannsdóttir 4 (5), Georgeta Grigore 3 (8), Drífa Þorvaldsdóttir (1).
**Varin skot**: Florentina Stanciu 14/2 (41/5, 34%).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Guðbjörg 4)
**Fiskuð víti**: 6 (Mladenovic 4, Guðbjörg 1, Grigore 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Guðrún D. Bjarnadóttir.

**Valur - Stjarnan 36-24 (19-12)**

**Mörk Vals (skot)**: Þorgerður Anna Atladóttir 7 (12), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6/2 (8/2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5 (7), Karólína B. Lárudóttir 4 (5), Ragnhildur R. Guðmundsdóttir 4 (8), Dagný Skúladóttir 3 (6), Ágústa Edda Björnsdóttir 2 (2), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (2), Kristín Guðmundsdóttir 2 (2), Hildur Andrésdóttir 1 (1).
**Varin skot**: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 19 (38/1, 50%), Sunneva Einarsdóttir 3 (8/1, 38%).
**Hraðaupphlaup**: 5 (Anna Úrsúla 1, Karólína 2, Dagný 2).
**Fiskuð víti**: 2 (Þorgerður Anna 1, Anna Úrsúla 1).
**Utan vallar**: 0 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Jóna M. Ragnarsdóttir 7/2 (13/2), Sandra Sigurjónsdóttir 4 (6), Hanna G. Stefánsdóttir 4 (7), Rut Steinsen 4 (10), Sólveig Lára Kjærnested 3 (5), Esther Ragnarsdóttir 2 (4).
**Varin skot**: Helga Dóra Magnúsdóttir 11 (39/2, 28%), Kristín Ósk Sævarsdóttir 0 (8, 0%).
**Hraðaupphlaup**: 1 (Sólveig Lára 1)
**Fiskuð víti**: 2 (Þórhildur 2)
**Utan vallar**: 4 mínútur.



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Sigurður Þorsteinsson, leikmaður Grindavíkur, stóð oft í ströngu í rimmunni gegn Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Dramatískt og umdeilt

**Grindvíkingar eru komnir í úrslit Iceland Express-deildar karla í körfubolta eftir sigur á Stjörnunni í spennuþrunginni viðureign í gær. Grindavík vann þar með einvígið 3-1 en leikurinn réðst á umdeildri sigurkörfu á lokasekúndunum.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík er komið í lokaúrslitin í Iceland Express-deild karla og mætir þar nýliðum Þórs frá Þorlákshöfn. Grindavík hafði betur gegn Stjörnunni í gær, 79-77, en Sigurður Þorsteinsson skoraði umdeilda sigurkörfu gestanna frá Grindavík þegar sjö sekúndur lifðu af viðureign liðsins.

Eftir magnaða endurkomu Stjörnumanna sem lentu mest sextán stigum undir virtust þeir með pálmann í höndunum þegar Fannar Helgason hirti frákast undir körfunni. Sjö sekúndur eftir, staðan jöfn og Garðbæingar farnir að trúa því að hið ómögulega gæti gerst. Grindvíkingar hirtu hins vegar boltann af Fannari og Sigurður skoraði þægilega körfu. Stjörnumenn voru brjálaðir og ekki lyftist á þeim brúnin þegar virtist brotið á Justin Shouse í sniðskoti í seinustu sókn heimamanna. Grindvíkingar ærðust af fögnuði en heimamenn töldu sig hlunnfarna.

„Það var brotið á mér. Þeir biðu eftir að ég gæfi einhverjum olnbogaskot og ég þorði auðvitað ekki að snerta neinn svo ég færi ekki í leikbann. Það er skandall að það hafi ekki verið dæmt og mér finnst eins og við höfum verið rændir,“ sagði Fannar Helgason, fyrirliði Stjörnunnar.



**BORINN AF VELLI** Ólafur Ólafsson meiddist á ökkla í leiknum en þakkaði áhorfendum fyrir stuðninginn.

Undir lok fyrsta leikhluta í stöðunni 15-19 varð Grindvíkingurinn Ólafur Ólafsson fyrir skelfilegum meiðslum. Svo virtist sem ökklinn á honum hefði farið úr lið eða hann hreinlega brotnað. Menn gripu um höfuð sér og gera þurfti hlé á leiknum. Eftir að hann hófst aftur var aðeins einn maður á vellinum, J'Nathan Bullock, sem skoraði 21 stig í hálfleiknum.

Grindavík hafði tólf stiga forystu í hálfleik og virtist endurkoma Stjörnunnar útilokuð þegar munurinn varð sextán stig snemma í þeim síðari. Renato Lindmets fór þá fyrir sínum mönnum í baráttu sem unnu á ótrúlegan hátt upp muninn. Þeir komust svo í kjörstöðu með boltann þegar nokkrar sekúndur lifðu leiks, en þeirri atburðarás var áður lýst.

„Við hættum að hlaupa til baka í vörn og þá fá þeir auðveldar körfur. Við töpum alltof mörgum boltum og þá komast þeir inn í leikinn,“ sagði Sigurður og tók undir með blaðamanni að það væri gott upp á framhaldið að vinna leikinn á þessum nótum fyrir framhaldið.

Teitur Örlygsson þjálfari Stjörnunnar var afar svekktur í leikslok. „Að fá framlagið sem við lögðum í þetta ekki viðurkennt er vægast sagt svekkjandi,“ sagði Teitur um endurkomu sinna manna og ákvarðanatökur dómara á lokasekúndunum.

Grindvíkingar unnu einvígið 3-1 og eru komnir í úrslit þar sem spútniklið Þórs verður andstæðingurinn. Landsbyggðarslagur með meiru.

kolbeinntumi@365.is



**BRYNJAR BJÖRN** Spilar líklega í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð – en ekki í Pepsi-deildinni í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Spilar ekki með KR í sumar

**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading á Englandi, mun ekki leika með KR–ingum í Pepsi–deildinni í knattspyrnu í sumar samkvæmt heimildum fréttastofu.

Samkvæmt sömu heimildum hyggjast foráðamenn Reading bjóða Brynjari Birni nýjan samning við félagið sem hefur tryggt sér sæti í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

KR–ingar hafa þegar hafið leit að nýjum miðverði fyrir félagið, en forráðamenn félagsins voru ófáanlegir til að staðfesta þetta í gær. - hbg

Öruggur sigur Vals:

## Kláruðu leikinn í fyrri hálfleik

**HANDBOLTI Valsstúlkur unnu fyrsta leik undanúrslitaeinvígis síns við Stjörnuna örugglega 36-24 í gærkvöldi og var sigurinn aldrei í hættu. Þær settu tóninn snemma og náðu tíu marka forystu í fyrri hálfleik. Stjörnustúlkur áttu ágætis kafla þar sem þær náðu að minnka forskotið en við hvert áhlaup Stjörnunnar stigu Valsstúlkur aftur upp og byggðu aftur upp gott forskot.**

**„Þær ná strax góðu forskoti og við mættum eiginlega ekki í byrjun,“ sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir, leikmaður Stjörnunnar eftir leikinn.**

**„Þetta var óskastaða, ég vonaðist eftir þessu fyrir leikinn,“ sagði Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, fyrirliði Vals. „Ég vissi að ef við myndum spila frábæra vörn myndum við fá góða markvörslu og ná hraðaupphlaupunum og það gekk allt eftir,“ sagði Hrafnhildur. - kpt**

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




**Breikdans í Iðnó**

**Strákarnir í danshópnum Area Of Stylez dansa með gestum Barnamenningarhátíðar í Iðnó í dag og á morgun á milli kl. 15 og 17.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

Þjálfari ÍBV bjartsýnn þrátt fyrir tap fyrir Fram í úrslitakeppni N1-deildar kvenna:

# Getum bætt okkur heilmikið

**HANDBOLTI** Framstúlkur unnu í gærdag góðan þriggja marka sigur, 27-24, á liði ÍBV. Framstúlkur eru komnar með 1-0 forystu í undanúrslitaeinvígi liðanna í N1-deild kvenna. Sigurinn var öruggari en tölurnar gefa til kynna en sigurinn var aldrei í hættu hjá Frömurum.

Ásta Birna Gunnarsdóttir, leikmaður Fram, fór á kostum í leiknum og skoraði hún tíu mörk og komu níu af þeim mörkum í fyrri hálfleiknum. Hún var að vonum ánægð í leikslok og sagðist hafa fengið góða aðstoð frá liðsfélögum sínum. „Þetta var nokkuð öruggur sigur hjá okkur í dag. Við slökuðum aðeins á undir lokin en þetta var í rauninni aldrei spurning. Mér gekk vel í leiknum enda fékk ég frábærar sendingar frá liðsfélögum mínum og þurfti ég einungis að klára færin,“ sagði hún.

Næsti leikur liðanna verður á laugardaginn og er það gríðarlega mikilvægur leikur fyrir Eyjastúlkur ef þær ætla að eiga einhvern möguleika í þessari seríu. Svavar Vignisson, þjálfari ÍBV, var hreinskilinn í leikslok en þó bjartsýnn á möguleika liðsins. „Þær eru sterkari en við. Þær voru fyrir ofan okkur í deildinni og eru með frábært lið. Það er þó margt sem við getum bætt enda töpuðum við einhverjum tuttugu boltum í leiknum ásamt því að fá á okkur fullt af hraðaupphlaupsmörkum. Við verðum að vinna heimaleikina okkar ef við ætlum að gera þetta að seríu. Við þurfum að bæta okkar leik ef við eigum að eiga einhvern möguleika gegn þessu frábæra Framliði,“ sagði Svavar Vignisson, þjálfari ÍBV. - shf



**ÖFLUG** Ásta Birna Gunnarsdóttir skoraði tíu mörk fyrir Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Eirberg

# Betra loft

## Air-O-Swiss rakatæki

• Bætir rakastig
• Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
• Bakteríuvörn í vatnstanki
• Auðvelt í notkun og umhirðu
• Hljóðlátt



## Airfree lofthreinsitæki




• Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
• Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
• Eyðir bakteríum og vírusum
• Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
• Hæð aðeins 27 cm

## Stuðningshlífar

BAUERFEIND®



• Veita góðan stuðning
• Vandaður vefnaður
• Góð öndun
• Einstök hönnun
• Viðurkennd gæði
• Fjölbreytt úrval

## Æfingavörur

Bjóðum gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

• Æfinga- og yogadýnur
• Boltar
• Jafnvægisbretti
• Nuddrúllur
• Hita- og kælibakstar

sissel®



## Nálastungudýnan



• Eykur blóðflæði
• Minnkar vöðvabólgur
• Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
• Veitir slökun og bætir svefn
• Notkun 10-20 mínútur í senn

# Betri líðan

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

> **Stöð 2 kl. 20.10**

**American Idol**

***Fjörið heldur áfram í American Idol. Í síðustu viku ákváðu dómararnir að nýta rétt sinn til að bjarga einum keppanda og það eru því aftur sjö söngvarar sem koma fram og flytja eitt nýlegt lag og annað gamalt. Í úrslitaþættinum tekur LMFAO smellinn sinn, Sorry For Party Rocking, og sigurvegarinn í áttundu Idol-þáttaröðinni, Kris Allen, flytur nýja lagið sitt, The Vision Of Love.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR BLÓTAR

## *Dúkahnífar í dagskránni*

„Nei! Ullabjakk! Ekki snerta!“ öskra ég á þriggja ára drenginn minn þar sem hann hleypur milli ruslatunna í götunni og opnar hverja einustu. Hann lætur ekki segjast, herðir á sprettinum og nær að opna þrjár til viðbótar áður en ég næ honum. Vegna þess hve stuttur hann er þarf hann að leggjast utan í tunnurnar til að opna og ég fæ gæsahúð yfir bakteríunum sem hann umfaðmar í leiðinni. Drengurinn er að leita að vinkonu sinni, Skoppu, en hún sprettur gjarnan upp úr ruslatunnum. Það sem ég hef blótað henni fyrir þetta fjárans ruslatunnutrix. Blótsyrðin rata ekki í eyru drengsins, ég kann mig, ég veit hve áhrifagjörn blessuð börnin eru og hvernig allt sem þau sjá og heyra límist inn í vitund þeirra. Bara að höfundar barnaefnis átt-uðu sig á þessu sama. Sex ára dóttir mín fylgist með uppáækjum Sveppa af svo mikilli athygli að mér verður nóg um. Hún horfði dolfallinn á hann skera sundur baunapúða með dúkahníf um daginn. Vitandi hvað svona púði kostar þakkaði ég mínum sæla að ekki væri slíkan að finna á heimilinu, rann svo kalt vatn milli skinns og hörunds þegar stelpan tautaði fyrir munni sér: „hei... það er svona púði heima hjá ömmu!“



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og glorúur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Tangóskór og fótaflækjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.15 Smælki** (2:26) (Small Potatoes)
**17.20 Leó** (26:52) (Leon)
**17.23 Músahús Mikka** (77:78) (Disney Mickey Mouse Clubhouse)
**17.50 Galdrakrakkar** (48:51)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andraland** (6:7) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Fljótsdalshérað - Garðabær) Undanúrslit í spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.20 Fyrirmyndarbörn** (The Kids Are All Right) Tvö börn sem getin voru með tæknifrjóvgun koma með kynföður sinn inn í fjölskyldulíf sitt. Meðal leikenda eru Julianne Moore, Annette Bening og Mark Ruffalo. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Banks yfirfulltrúi: Leikur að eldi** (DCI Banks: Playing with Fire) Lögreglufulltrúi rannsakar dularfullt sakamál. Meðal leikenda er Stephen Tompkinson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Ljósaskipti** (Twilight) Byggt á sögu eftir Stephenie Meyer um unglingsstúlku sem er tilbúin að fórna öllu eftir að hún verður ástfangin af vampíru. Meðal leikenda eru Kristen Stewart og Robert Pattinson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 500 Days Of Summer**
**08.00 Paul Blart: Mall Cop**
**10.00 Martian Child**
**12.00 Coraline**
**14.00 Paul Blart: Mall Cop**
**16.00 Martian Child**
**18.00 Coraline**
**20.00 500 Days Of Summer**
**22.00 Gifted Hands: The Ben Carson Story**
**00.00 Aliens**
**02.15 Saw III**
**04.00 Gifted Hands: The Ben Carson Story**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (57:175)
**10.15 Hell's Kitchen** (9:15)
**11.00 Human Target** (10:12)
**11.50 Covert Affairs** (11:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kingpin** Frábær gamanmynd úr smiðju Farelly bræðra með Bill Murray, Woody Harrelson og Randy Quaid í aðalhlutverkum. Roy Munson var eitt sinn einn færasti keilari sem uppi var en síðan hann vann meistaratitilinn árið 1979 hefur allt gengið á afturfótunum. Dag einn hittir hann undarlegan gaur sem virðist fæddur til að spila keilu en skortir allt keppnisskap og virðist almennt úti á þekju.
**15.00 Friends** (11:24)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (11:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (4:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (31:32
**20.10 American Idol** (29:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sjö bestu söngvararnir eru eftir.
**21.35 American Idol** (30:40) Nú kemur í ljós hvaða sex keppendur halda áfram.
**22.20 Balls of Fury** Skemmtileg spennumynd með Christopher Walken í fararbroddi. Frækin borðtennishetja er fengin til liðsinnis FBI-mönnum við tiltekið verkefni.
**23.50 SherryBaby**
**01.25 State of Play** Hörkuspennandi pólitískur spennutryllir með Russell Crowe, Ben Affleck, Rachel McAdams og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Stephen Collins er ungur og efnilegur þingmaður og á hraðri uppleið. Því er ógnað þegar hjákona hans, sem einnig var aðstoðarkona hans, finnst látin.
**03.30 Kingpin**
**05.20 Friends** (11:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Formúla 1. Barein - Æfing 1**
**11.00 Formúla 1. Barein - Æfing 2**
**16.30 Stjarnan - Grindavík**
**18.15 Atl. Madrid - Valencia**
**20.00 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum.
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**21.30 Spænsku mörkin**
**22.00 UFC Live Events 125** Útsending frá bardagamóti í Las Vegas. Aðalbardaginn er á milli Frankie Edgar og Gary Maynard.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Swansea - Blackburn**
**18.40 WBA - QPR**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu hliðum.
**22.00 PL Classic Matches: Arsenal - Chelsea, 1996**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Sunderland - Wolves**

## STÖÐ 2 EXTRA

**18.00 The Doctors** (96:175)
**18.45 The Amazing Race** (8:12)
**19.35 Friends** (14:24)
**20.00 Modern Family** (14:24)
**20.30 Mið-Ísland** (5:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Alcatraz** (11:13)
**22.35 NCIS: Los Angeles** (17:24)
**23.20 Rescue Me** (9:22)
**00.05 Týnda kynslóðin** (31:32)
**00.30 Friends** (14:24)
**00.55 Modern Family** (14:24)
**01.20 The Doctors** (96:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (12:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (19:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (1:10) (e)
**12.25 Game Tíví** (12:12) (e)
**12.55 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Girlfriends** (4:13) (e)
**15.35 Britain's Next Top Model** (e)
**16.25 The Good Wife** (12:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Hæfileikakeppni Íslands**(3:6)(e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (46:50) (47:50) (e)
**19.40 Got to Dance** (8:15)Raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn.
**20.30 Minute To Win It**
**21.15 Hæfileikakeppni Íslands** (4:6) Þáttur kvöldsins er síðasti undanþátturinn en sigurvegarar undanfarna föstudaga munu keppa um nafnbótina Hæfileikaríkasti Íslendingurinn í beinni útsendingu þann 4. maí.
**22.15 Mobbed** (4:11) Kynnt er til sögunnar kona sem ætlar að afhjúpa leyndarmál um fjölskyldu sína, meðal annars að hún eigi sex ára gamlan son sem móðir hennar hefur aldrei séð.
**23.05 The Jonathan Ross Show** (21:21)
**23.55 Once Upon A Time** (15:22) (e)
**00.45 Franklin & Bash** (2:10) (e)
**01.35 Saturday Night Live** (15:22) (e)
**02.25 Jimmy Kimmel** (e)
**03.55 Whose Line is it Anyway?** (e)
**04.20 Smash Cuts** (49:52) (e)
**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Valero Texas Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Valero Texas Open 2012 (1:4) **15.00** Champions Tour - Highlights (6:25) **16.00** Valero Texas Open 2012 (1:4) **19.00** Valero Texas Open 2012 (2:4) **22.00** Inside the PGA Tour (16:45) **22.25** PGA Tour - Highlights (14:45) **23.20** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.10** Come Dine With Me **07.00** The Vicar of Dibley **08.20** Dalziel and Pascoe **09.55** Deal or No Deal **10.30** My Family **11.00** Come Dine With Me **11.50** My Family **13.20** The Vicar of Dibley **14.45** QI **15.45** Top Gear **16.35** Live at the Apollo **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.10** Derren Brown: Trick or Treat **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Peep Show **21.15** Live at the Apollo **22.00** The Vicar of Dibley **23.20** Derren Brown: Trick or Treat **00.15** The Graham Norton Show **01.00** Peep Show

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Bag Borgen **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.30** Skrål med Olga **14.50** Chiro **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** 50 First Dates **21.05** Rædselsnatten

## NRK 1

**06.30** 22. juli rettsaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli rettsaken **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.25** Lindmo **20.15** Scott og Bailey **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.00** Eric Clapton og Wynton Marsalis i bluesmodus **23.30** Elskerinner **00.20** Ripley Underground **01.55** Status Norge. Bak murene **02.25** Førkveld **05.20** Førkveld

## SVT1

**10.30** Svenska dialektmysterier **11.00** Coacherna **11.30** Titanic **12.15** Alla flickor har rätt att gå i skolan **12.30** Emma **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.30** Ridsport **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Minuten **19.00** Högklackat **19.30** Duplicity **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Kramer mot Kramer **23.20** Rapport **23.25** Game of Thrones **00.20** Tv-cirkeln: Game of thrones

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




NÝR RENAULT MEGANE

# 3,7 L/100 KM SJÁLFSKIPTUR

*M.V. LANGKEYRSLU

## FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!



RENAULT MEGANE SPORT TOURER DÍSIL

VERÐ 3.790.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.895.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 30.856 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

A MENGUNARFLOKKUR

$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM
er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

1428 km*

*Miðað við blandaðan akstur

SPARNEYTINN

Nýr Renault Megane með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.



RENAULT MEGANE DÍSIL

VERÐ 3.590.000 KR. SJÁLFSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.795.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 29.244 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

ENNEMM / SIA / NM51943



## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

www.renault.is

RENAULT

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst mjög gott að grilla lax. Ég kaupi hann yfirleitt marineraðan úr Melabúðinni eða Vegamótum og mér finnst mjög gott að hafa hann hvítlauksleginn. Þá þarf bara að henda honum á bakka og á grillið og hann grillast hratt og vel og er alveg ægilega góður.“*

Felix Bergsson, útvarpsmaður og söngvari

# Fæ loksins að standa á sviðinu

„Þetta leggst rosalega vel í mig og verður mjög gaman,“ segir útvarpskonan Guðrún Dís Emilsdóttir sem, ásamt Vilhelm Antoni Jónssyni, sér um að kynna Söngkeppni framhaldsskólanna í ár.

Keppnin fer fram í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda á laugardagskvöldið og verður sjónvarpað beint í Ríkissjónvarpinu. Í ár er keppnin með öðruvísi sniði en fyrri ár. Tólf skólar keppa í úrslitakeppninni á laugardaginn eftir sms-kosningu sem hefur staðið yfir undanfarið milli 32 menntaskóla víðs vegar af landinu. „Það hefur myndast skemmtileg stemning í kringum þetta í ár og mér skilst að það eigi að tjalda öllu til á laugardaginn.“

Þó að Guðrún sé vanari að koma fram með Andra Frey Viðarssyni sér við hlið er hún viss um að hún og Vilhelm eigi eftir að spjara sig vel saman. „Við Villi þekkjumst vel. Við erum gamlir skólafélagar frá Menntaskólanum á Akureyri svo við ættum að geta grínast saman,“ segir Guðrún sem hefur löngum verið mikill aðdáandi keppninnar. „Ég horfði alltaf á keppnina einu sinni og langaði í raun rosalega mikið að taka þátt. En það gerði ég aldrei en fæ loksins að standa á sviði í keppninni, nema á öðrum forsendum,“ segir Guðrún og fullyrðir að keppendurnir séu hver öðrum betri.

„Ég dáist að þessum krökkum, þeir eru magnaðir. Keppnin er líka þekkt fyrir að ala af sér stjörnur framtíðarinnar svo ég verð með augun opin á laugardaginn.“ Keppnin sjálf er á dagskrá RÚV á laugardaginn klukkan 20.40. **- áp**



**HLAKKAR TIL** Guðrún Dís Emilsdóttir skiptir starfsfélaga sínum Andra Frey Viðarssyni út fyrir Vilhelm Anton Jónsson og saman kynna þau Söngkeppni framhaldsskólanna á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Gói og Baunagrasið
Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!
★★★★ Fréttatíminn ★★★★ Morgunblaðið
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## TRÚVERÐUGUR SÖGUÞRÁÐUR

**Óskar Jónason** er að hefja tökur á þriðju seríunni um blaðakonuna Láru í Pressu 3 en serían fer í loftið í haust. **Sara Dögg Ásgeirsdóttir** snýr aftur sem blaðakonan Lára.



**ÓSKAR JÓNASSON:** PRESSA Á ÖLLUM VÍGSTÖÐVUM ÍSLENSKUR VERULEIKI

# Gengjastríð í Breiðholti í nýrri þáttaröð af Pressu

„Ég held að það sé tengingin við raunveruleikann sem útskýrir vinsældir seríunnar hjá áhorfendum,“ segir leikstjórinn Óskar Jónasson sem þessa dagana undirbýr tökur á þriðju seríu sjónvarpsþáttanna Pressu.

Pressa 3 er væntanleg í loftið í haust á Stöð 2 og er Óskar þessa dagana á fullu við æfingar en tökur hefjast í byrjun maí. „Þetta verður mikil keyrsla en tökur standa yfir í sex vikur. Sem er í raun lítill tími ef maður hugsar til þess að við erum að taka upp efni sem jafngildir þremur kvikmyndum,“ segir Óskar, en nýja serían samanstendur af sex þáttum.

Leikarahópurinn verður sá hinn sami og í fyrri seríum en meðal leikara eru þau Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Þorsteinn Bachman. Óskar skrifar handritið í samstarfi við Sigurjón Kjartansson og er serían framleidd af Saga Film.

Blaðið Pósturinn verður áfram sögusviðið en að þessu sinni er söguhetjan Lára komin með mikinn leiða á starfi sínu sem blaðamaður þar og farin að svipast um eftir einhverju öðru að gera. Tökuliðið er að koma sér fyrir í fyrrum höfuðstöðvum DV í Brautarholti þar sem tökurnar fara fram.

Söguþráðurinn að þessu sinni er gengjastríð í Breiðholti og árásir á innflytjendur. „Við höfum alltaf reynt að tengja glæpamálin í seríunni við mál sem áhorfandinn kannast við. Það gerir seríuna trúverðugri,“ segir Óskar en mikið er lagt upp úr því. „Við förum bæði í vettvangskannanir hjá lögreglunni og hjá ritstjórnum til að fá innsýn inn í þessar starfsstéttir. Oft gerast samt hlutir í raunveruleikanum sem við getum ómögulega endurgert í sjónvarpinu því þeir eru einfaldlega of skrýtnir.“

Með þriðju seríuna í bígerð er Pressa, með blaðakonunni Láru í fararbroddi, orðin ansi langlíf á skjám landsmanna. Óskar hefur ákveðnar skýringar á því. „Serían höfðar til marga sem skilja hvernig það er að blanda saman atvinnu og fjölskyldulífi, en við reynum að tengja þetta tvennt saman. Það að það sé pressa á öllum vígstöðvum er íslenskur veruleiki. Söguþráðurinn að þessu sinni fléttast í kringum eitt einstakt glæpamál í stað marga,“ segir Óskar og bætir við að Pressa 3 endi að þessu sinni með sprengingu. „Það er engin kjarnorkusprenging kannski en á eftir að koma mörgum áhorfendum á óvart.“

alfrun@frettabladid.is

# Svartur hitti í mark í Hong Kong

„Þetta gekk mjög vel. Það var mikil stemning og það var gaman að koma þarna,“ segir Óskar Þór Axelsson, leikstjóri Svartur á leik. Hann er nýkominn heim frá Hong Kong í Kína þar sem myndin var sýnd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð. Hún er ein af þremur stærstu hátíðunum í Asíu.

Óskar Þór var spurður spjörunum úr eftir frumsýningu myndarinnar og fékk öðruvísi spurningar en hann er vanur að fá. „Þeir spurðu um Ísland og fannst voða merkilegt að það séu engar byssur þar. Þeir spurðu líka mikið um hvernig er hægt að vera glæpamaður á Íslandi því það vita allir hver þú ert og þú getur ekki verið í felum,“ segir Óskar Þór.

Myndin var sýnd tvisvar sinnum og var uppselt á seinni sýninguna. „Hún spurðist vel út strax,“ segir Óskar Þór, ánægður með viðtökurnar. „Það er svo mikil glæpamyndahefð í Hong Kong. Þeir eru svolítið vanir svona myndum og því kemur það ekki á óvart að hún hafi fallið vel í kramið.“

Svartur á leik verður sýnd á fleiri kvikmyndahátíðum á næstunni. Í þessum mánuði verður hún sýnd á hátíð í Kaupmannahöfn og í maí verður hún kynnt á Cannes-hátíðinni í Frakklandi. Um sextíu þúsund manns hafa séð myndina hér á landi. **- fb**



**GÓÐAR VIÐTÖKUR** Svartur á leik í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar fékk góðar viðtökur í Hong Kong. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Verslun
Ármúla 26
522 3000
hataekni.is
Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
SUMARVERÐ
Í HÁTÆKNI
42" LG LCD FHD DivX HD
Verð:
149.995
13.277 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
42LK450
LCD / USB / DVBT / FullHD / Snúningsfótur
32" Salora
LED HDR
DVB-T
svart
Verð:
99.995
8.965 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
LED / Innb.DVD /
stafrænn móttakari /
USB / HDready / HDMI
5618
50" LG Plasma HDR
Verð:
159.995
14.140 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
50PT351N
Plasma / USB / 600Hz / HDready / DVBT / HDMI
24" Salora
LED FHD
DVD hvitt
Verð:
69.995
6.377 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
LED / Innb.DVD /
stafrænn móttakari /
USB / FullHD / HDMI
5611
26" Salora
LED HDR
DVB-T svart
Verð:
79.995
7.240 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
LED / Innb.DVD /
stafrænn móttakari /
USB / HDready / HDMI
5616
50" Plasma Panasonic Full HD
Verð:
269.995
23.627 kr. vaxtalaust
í 12 mánuði
TX-P50G30E
Plasma / THX / USB / LAN / 600HZ / FullHD / DVBT
LG DVD spilari
HDMI
Verð:
13.995
1080P upscaling / HDMI / USB
DVX692H
LG BluRay spilari BD550
Bluray / HDMI / USB
Verð:
29.995
BD550
Hátækni
PIPAR\TBWA • SÍA • 121200

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Klókur útgefandi

Þegar **Haraldur Leví** og unga útgáfufyrirtækið hans, Record Records, sömdu við Of Monsters and Men skömmu eftir að hljómsveitin vann Músíktilraunir vissu fáir af storminum sem var í aðsigi. Nema Haraldur sem var handviss um að hljómsveitin næði langt, sem nú hefur komið á daginn. Hann er ekki hættur og hefur samið við hljómsveitina Retro Stefson um útgáfu á þriðju breiðskífu hljómsveitarinnar hér á landi. Haraldur er klókur, en Retro Stefson er eflaust einn af feitari bitum á markaðnum. Hljómsveitin er að gera gríðarlega góða hluti um þessar mundir og nýrrar plötu er beðið með mikilli eftirvæntingu.



### Jón Gnarr tíndi rusl

Svarti pokinn, átaksverkefni á vegum Græns apríl, hefst í Reykjavíkurborg sunnudaginn 22. apríl næstkomandi. Borgarbúar eru þá hvattir til að fara út með svartan ruslapoka og tína ruslið sem safnast hefur á götum borgarinnar í vetur. **Jón Gnarr** borgarstjóri tók forskot á sæluna og hóf að tína rusl í svartan poka við Brávallagötu í gærdag. Var hann að í þónokkurn tíma og gekk vel. Verkefnið Grænn apríl var stofnað í fyrra og er markmið þess að gera umræðuna um umhverfismál líflega, skemmtilega og kúl fyrir alla Íslendinga. Forsvarsmenn félagsins eru Guðrún G. Bergmann, Valgerður Matthíasdóttir og Maríanna Friðjónsdóttir.



- afb, bþh

## Mest lesið Vísir

1. Erla Díana er fundin
2. Tvíburar fóru ólíkar leiðir við ferminguna
3. Brotist inn í Þrastarlund
4. Ari Trausti gefur kost á sér
5. Sænsk neftóbaksframleiðsla gæti lagst af







